

FMS 2019-35
ISBN 978-9935-9478-3-3
ISSN 2547-8060



FERÐA
MÁLA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD 

FERÐAMÁLARANNSÓKNIR TOURISM RESEARCH IN ICELAND

NÓVEMBER 2019

Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 - Egilsstaðir

Eyrún Jenný Bjarnadóttir



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

© Ferðamálastofa 2019

Útgefandi: Ferðamálastofa - Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri
Netfang: upplýsingar@ferdamalastofa.is
Veffang: www.ferdamalastofa.is

Titill: Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 - Egilsstaðir
Höfundur: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Kápa: Porthönnun

Númer: FMS 2019-35
ISBN: 978-9935-9478-3-3
ISSN: 2547-8060

Öll réttindi áskilin. Skýrsluna má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Aðferðir og framkvæmd	3
Egilsstaðir.....	6
Ferðamannabærinn Egilsstaðir - frá sjónarhóli íbúa	8
Viðhorf til fjölda ferðamanna	10
Áhrif á daglegt líf heimamanna	11
Áhrif á efnahag, atvinnulíf og þjónustu	13
Áhrif á samfélagið	15
Hvað er jákvæðast við ferðaþjónustu á Egilsstöðum?	20
Hvað er jákvæðast við ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? – Allir staðir.....	21
Hvað er neikvæðast við ferðaþjónustu á Egilsstöðum?	22
Hvað er neikvæðast við ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? – Allir staðir	23
Eykur ferðaþjónusta bjartsýni og hafa íbúar eitthvað um þróun hennar að segja?	24
Samantekt.....	25
Umræður og lokaorð – Allir staðir.....	26
Niðurstöður símakönnunar á Egilsstöðum– tíðnitöflur og bakgrunnsgreining.....	29
Niðurstöður símakönnunar: Samanburður á Egilsstöðum, Húsavík, í Reykjanesbæ og Stykkishólmi	71
Viðtalsrammi rannsóknar – Allir staðir	85
Spurningalisti símakönnunar – Allir staðir.....	86

INNGANGUR

Í þessari samantekt er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunar á viðhorfum heimamanna á Egilsstöðum til ferðamanna og ferðaþjónustu sem fór fram haustið 2018. Ferðamennska og ferðaþjónusta geta haft margvísleg menningarleg og félagsleg áhrif á samfélag heimamanna, sem aftur getur hefur áhrif á viðhorf fólks til atvinnugreinarinnar. Ljóst er að þegar staður umbreytist í áfangastað ferðamanna hefur það áhrif á líf íbúa¹. Því hafa þeir sem rannsaka félagsleg áhrif ferðaþjónustu og ferðamennsku gjarnan beint sjónum sínum að lífsgæðum íbúa en áhrifin geta verið margbreytileg^{2;3;4;5}. Þá hefur einnig verið sýnt fram á að staðbundin einkenni hvers staðar og samfélags geta haft áhrif á viðhorf íbúa⁶. Rannsóknir fræðimanna hafa ítrekað sýnt fram á mikilvægi þess að heimamenn séu hafðir með í ráðum þegar kemur að uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu og að velvilji þeirra sé mikilvægur liður í sjálfbærri þróun greinarinnar⁷. Því er áriðandi að vel sé fylgst með viðhorfum íbúa og skynjun þeirra á áhrifum ferðamennsku í samfélagi þeirra⁸.

Íslenskar rannsóknir á viðhorfum heimamanna

Kannanir á viðhorfum Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamennsku hafa farið fram með reglubundnum hætti frá árinu 2014. Í þessum könnunum eru áhrifin skoðuð ýmist á landsvísu eða í einstökum bæjarfélögum og tengjast markmiði stjórnvalda um að hugað verði að því að tryggja áfram jákvætt viðhorf landsmanna til ferðaþjónustu⁹. Tvær kannanir hafa verið gerðar á landsvísu á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu; sú fyrri árið 2014¹⁰ og sú síðari síðla árs 2017¹¹. Á



Við verslunarkjarna hjá Þjóðvegi 1 á Egilsstöðum

¹ Kim, K., Uysal, M. og Sirgy, M.J. (2013). How does tourism in a community impact the quality of life of community residents?. *Tourism Management*, 36, 527-540. doi: 10.1016/j.tourman.2012.09.005

² Almeida-García, F., Balbuena-Vázquez, A. og Cortés-Macías, R. (2015). Residents' attitudes towards the impacts of tourism. *Tourism Management Perspectives*, 13, 33-40. <https://doi.org/10.1016/j.tmp.2014.11.002>

³ Sharpley, R. (2014). Host perceptions of tourism: A review of the research. *Tourism Management*, 42, 37-49. <https://doi.org/10.1016/j.tourman.2013.10.007>

⁴ Deery, D., Jago, L. og Fredline, L. (2012). Rethinking social impacts of tourism research: A new research agenda. *Tourism Management*, 33, 64-73. <https://doi.org/10.1016/j.tourman.2011.01.026>

⁵ Rastegar, R. (2019). Tourism development and conservation, do local resident attitudes matter?. *International Journal of Tourism Sciences*, 19(3), 181-191. <https://doi.org/10.1080/15980634.2019.1663998>

⁶ Tosun, C. (2002). Host perceptions of impacts: A comparative tourism study. *Annals of Tourism Research*, 29(1), 231-253. doi: 10.1016/S0160-7383(01)00039-1

⁷ Cheer, J.M., Milano, C. og Novelli, M. (2019). Tourism and community resilience in the Anthropocene: accentuating temporal overtourism. *Journal of Sustainable Tourism*, 27, 554-572.

<https://doi.org/10.1080/09669582.2019.1578363>

⁸ Prayag, G., Hosany, S., Nunkoo, R. og Alders, T. (2013). London residents' support for the 2012 Olympic Games: the mediating effect of overall attitude. *Tourism Management*, 36, 629-640.

<https://doi.org/10.1016/j.tourman.2012.08.003>

⁹ Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2015). *Vegvísir ferðaþjónustu*. Reykjavík: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðaþjónustunnar.

¹⁰ Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2015). *Viðhorf Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu. Greining könnunar meðal Íslendinga í október 2014. Unnið fyrir Ferðamálastofu*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

¹¹ Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Ásdís A. Arnalds og Anna Soffía Víkingsdóttir. (2018). *Því meiri samskipti – því meiri jákvæðni. Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

árunum 2015 og 2016 voru gerðar tvær tilviksrannsóknir innan einstakra samfélaga á Íslandi. Árið 2015 var unnin tilviksrannsókn á Ísafirði, Húsavík, Hellu og 101 Reykjavík¹². Tekin voru viðtöl við íbúa en auk þess voru gerðar vettvangsathuganir. Árið 2016 var svo gerð rannsókn á Siglufirði, Mývatnssveit og Höfn í Hornafirði¹³. Í gagnaöflun var notast við blandaðar rannsóknaraðferðir, annars vegar með hálfopnum viðtölum við íbúa, sem byggðu á viðtalsramma rannsóknar Háskólans á Hólum frá því 2015 og hins vegar með spurningakönnun meðal íbúa.

Viðhorf heimamanna í einstökum samfélögum á Íslandi 2018

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fól Rannsóknamiðstöð ferðamála að kanna áhrif ferðaþjónustu og ferðamanna á íbúa á einstökum svæðum á Íslandi haustið 2018. Um var að ræða tilviksrannsókn sem unnin var í fjórum bæjarfélögum sem valin voru í samráði við Ferðamálastofu. Bæjarfélögin voru Egilsstaðir, Húsavík, Reykjanesbær og Stykkishólmur. Við staðarval var skýrsla ferðamálaráðherra um þolmörk ferðamennsku¹⁴ höfð til hliðsjónar ásamt niðurstöðum landskönnunar Rannsóknamiðstöðvar ferðamála á viðhorfum íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017¹⁵. Viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu hafa ekki verið könnuð áður á þessum nema á Húsavík en þar fór fram rannsókn á félagslegum áhrifum árið 2015¹².

Kynning rannsóknar, aðferðafræði og niðurstöður eru birtar í samantektarskýrslu fyrir hvern og einn stað en þær eru allar settar fram á sambærilegan hátt. Á eftir greinargerð um framkvæmd og aðferðir rannsóknar eru staðhættir og ferðamennska í viðkomandi bæjarfélagi kynnt áður en greint er frá niðurstöðunum. Í þessari samantekt er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar á Egilsstöðum. Niðurstöður símakönnunarinnar eru eftir atvikum bornar saman við niðurstöður landskönnunar 2017 almennt og einnig sérstaklega við niðurstöður fyrir Austurland en þær byggja á svæði Markaðsstofu Austurlands í landskönnuninni. Einnig er í einstaka tilfellum samanburður við hin bæjarfélögin þrjú sem könnuð voru haustið 2018. Framkvæmd og úrvinnsla hrágagna símakönnunar var í höndum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri en viðtöl, greining, skýrsluvinnsla og



Vegamót í miðbæ Egilsstaða

verkefnastjórn var í höndum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála. Gagnasafninu frá símakönnuninni var skilað til Ferðamálastofu sem gerir þau aðgengileg í Mælaborði ferðaþjónustunnar. Aftast í þessari samantekt er að finna tíðnitöflur og bakgrunnsgreiningu fyrir hverja spurningu í könnuninni á Egilsstöðum. Þar er einnig að finna töflur með niðurstöðum úr hverri spurningu símakönnunarinnar með samanburði milli bæjarfélaganna fjögurra.

Höfundur vill færa öllum þeim sem veittu upplýsingar og aðstoðuðu við gerð þessarar rannsóknar þakki fyrir gott samstarf. Sérstakar þakki fá heimamenn á Egilsstöðum fyrir góðar undirtektir í viðtölum og símakönnun og fyrir að gefa sér tíma til þess að taka þátt í rannsókninni.

¹² Guðrún Helgadóttir, Anna Vilborg Einarsdóttir, Jóhanna María Elena Matthíasdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Georgette Leah Burns. (2016). *Félagsleg áhrif ferðamennsku og ferðaþjónustu*. Reykjavík: Ferðamálastofa.

¹³ Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. (2016). Greining á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum. Höfn, Mývatnssveit og Siglufjörður. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

¹⁴ *Skýrsla ferðamála-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðherra um þolmörk ferðamennsku*. Lögð fyrir Alþingi á 148. löggjafarþingi 2017-2018. Sótt 24. apríl 2019, af <http://www.althingi.is/altext/pdf/148/s/0717.pdf>.

¹⁵ Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Ásdís A. Arnalds og Anna Soffía Víkingsdóttir. (2018). *Því meiri samskipti – því meiri jákvæðni. Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

AÐFERÐIR OG FRAMKVÆMD

Rannsóknin sem hér um ræðir er tilviksrannsókn í fjórum bæjarfélögum þ.e. Egilsstöðum, Húsavík, Reykjanesbæ og Stykkishólmi. Gagna var annars vegar aflað með viðtölum við íbúa og hins vegar með spurningakönnun sem var lögð fyrir úrtak íbúa gegnum síma. Sömu aðferðum var beitt í öllum bæjarfélögum fjórum. Spurningakönnunin var lögð fyrir samtímis á öllum stöðum en viðtölin fóru fram á einum stað í einu. Tekið skal fram að allar upplýsingar sem koma fram um aðferðir og framkvæmd gagnaöflunar fyrir rannsóknina í heild sinni eru, eðli málsins samkvæmt, eins í öllum samantektarskýrslunum. Fyrst verður gerð grein fyrir framkvæmd spurningakönnunarinnar og síðan framkvæmd viðtala.

Spurningakönnun (símakönnun)

Í símakönnun voru spurningar lagðar fyrir íbúa í bæjarfélögum fjórum um viðhorf þeirra til ferðamanna og ferðaþjónustu. Spurningalistinn er í grunninn sá sami og lagður var fyrir í landskönnun 2017 sem gefur tilefni til samanburðar á landsvísu og á landshlutavísu. Þó voru nokkrar spurningar úr landskönnun lagðar til hliðar þar sem ekki þótti ástæða til að leggja þær fyrir á svæðisbundna vísu. Þess í stað voru settar inn nýjar spurningar til prófunar til að kanna gildi þess að leggja þær fyrir á landsvísu¹⁶.

Símakönnunin var gerð samtímis á öllum stöðunum á tímabilinu 8. nóvember til 2. desember 2018. Lagt var upp með að fá 400 svör á hverjum stað en í úrtakinu voru 3.697 einstaklingar og fengust alls 1.481 svör (svarhlutfall 40%). Á Egilsstöðum voru 916 manns í úrtakinu og var fjöldi svara 404 sem reyndist vera 44% svarhlutfall. Í töflunni hér til hliðar má sjá úrtak og bakgrunn svarenda símakönnunarinnar á Egilsstöðum.


Úrtak og bakgrunnur svarenda símakönnunar

Egilsstaðir		Fjöldi	Hlutfall
	Úrtak	916	
	Fjöldi svara	404	44%
Kyn	Karlar	197	49%
	Konur	207	51%
Aldur	18-29	34	8%
	30-44	82	20%
	45-59	145	36%
	60+	146	36%
Menntun	Grunnskólanám eða minna	81	20%
	Stúdentspróf eða iðnnám	141	35%
	Annað starfsnám	36	9%
	Háskólapróf	133	33%
Lengd búsetu á Egilsstöðum	5 ár eða skemur	46	11%
	6-10 ár	39	10%
	11-20 ár	89	22%
	21-30 ár	49	12%
	Lengur en 30 ár	171	42%
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	215	53%
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	74	18%
	Í námi	11	3%
	Á eftirlaunum	77	19%
	Annað	23	6%
Starfar þú við ferðaþjónustu?	Já	60	15%
	Nei	338	84%
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu?	Já	181	45%
	Nei	146	36%

¹⁶ Hluti nýrra spurninga varð til í samstarfi Rannsóknamiðstöðvar ferðamála við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði og Félagsvísindastofnun í tilefni rannsóknar á félagslegum þolmörkum íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu sumarið 2018. Rannsóknin var unnin fyrir Samtök sunnleikna sveitarfélaga. Sjá

nánar: Þorvarður, Árnason og Arndís Lára Kolbrúnardóttir. (2019). *Nýr veruleiki í mótun? Rannsókn vegna áhrsluverkefnis SASS „Félagsleg þolmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu“*. Hornafirður: Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði.

Um 15% svarenda í símakönnunni á Egilsstöðum sögðust starfa í ferðaþjónustu en 28% svarenda á Egilsstöðum höfðu sjálfir eða einhver á heimilinu tekjur af ferðamönnum hluta úr ári eða allt árið. Hlutfall svarenda með engar heimilistekjur af ferðamönnum var langhæst á Egilsstöðum og var sá munur marktækur.



Gögnin úr símakönnuninni voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu og marktektarpróf gerð til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Gögnin voru greind með tilliti til nokkurra bakgrunnspáttá. Þeir eru: kyn, aldur, menntun, búseta, lengd búsetu á viðkomandi svæði, staða á vinnumarkaði, hvort svarandi starfi við ferðaþjónustu og hvort hann geti hugsað sér að starfa við hana. Í samantektarskýrslunni eru niðurstöður settar fram á myndrænan hátt fyrir Egilsstaði og settar í samhengi við niðurstöður úr landskönnun eða við samanburð við hin bæjarfélögin þrjú.

Viðtöl

Í öllum bæjarfélögunum voru tekin hálfstöðluð einstaklingsviðtöl við íbúa sem valdir voru með hentugleikaúrtaki. Markmiðið var að taka að minnsta kosti 5 viðtöl á hverjum stað eða 20 viðtöl í heildina. Viðtölin urðu alls 24 og var rætt við 12 karla og 12 konur. Í viðtölunum var lögð áhersla á að fá fram reynslu og upplifun viðmælenda af ferðamönnum og ferðaþjónustu í þeirra daglega umhverfi. Með viðtölunum er leitað eftir ítarlegri upplýsingum og dýpri skilningi á viðhorfum og upplifun íbúa en hægt er að ná fram með megindlegri spurningakönnun. Viðtölin varpa þannig ljósi á mikilvægi tiltekinna áhrifaþátta og hvernig íbúarnir bregðast við þeim. Hafa ber í huga að viðtöl sem þessi hafa ekki alhæfingargildi fyrir niðurstöður rannsóknarinnar heldur dýpka þau skilning á niðurstöðum spurningakönnunarinnar á hverjum stað^{17,18}. Hins vegar gefa viðtölin mynd af því hvernig viðmælendur færðu í orð upplifanir sínar á ferðaþjónustu og ferðamennsku og hvaða skilning þeir lögðu í þessi atriði á þeim tíma sem viðtölin fóru fram.

Sami spurningarammi var notaður á öllum svæðunum fjórum en hann var í grunninn sá sami og notaður var í rannsókn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála sem gerð var 2016 í Mývatnssveit, á Siglufirði og á Höfn í Hornafirði¹⁹. Áhersla var lögð á að ná til einstaklinga 18 ára og eldri sem höfðu fasta búsetu á viðkomandi svæði og höfðu ferðaþjónustu ekki endilega að aðalstarfi því rannsóknir hafa sýnt að þeir sem hafa tekjur af ferðaþjónustu eru að jafnaði jákvæðari í garð greinarinnar en aðrir íbúar^{20,21}. Til að nálgast viðmælendur var farið í gegnum svokallaða lykilmenn eða tengiliði ýmist á svæðunum eða sem höfðu tengsl við svæðin og höfðu það hlutverk að koma með ábendingar um hugsanlega viðmælendur sem uppfylltu ofangreind skilyrði.

Símanúmera var aflað gegnum upplýsingavefinn Já þar sem hægt er að nálgast skráð símanúmer einstaklinga. Notast var við Excel töflureikni til að raða nöfnunum upp á handahófskenndan hátt. Samband var haft við einstaklinga samkvæmt

¹⁷ Sígurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir. (2016). Notkun blandaðra aðferða í rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 393-402). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

¹⁸ Veal, A.J. (2006). *Research Methods for Leisure and Tourism. A Practical Guide*. Essex: Pearson Education Limited.

¹⁹ Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. (2016). Greining á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum. Höfn, Mývatnssveit og Siglufjörður. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála

²⁰ Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Ásdís A. Arnalds og Anna Soffía Víkingsdóttir. (2018). *Því meiri samskipti – því meiri jákvæðni. Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

²¹ Deery, M., Jago, L. og Fredline, L. (2012). Rethinking social impacts of tourism research: A new research agenda. *Tourism Management*, 33, 64-73. <https://doi.org/10.1016/j.tourman.2011.01.026>

uppröðun töflureiknisins og ef ekki náðist í einstakling var hringt í þann næsta og svo koll af kolli. Haft var samband við einstaklinga símléiðis, þeim kynnt rannsóknin og boðin þátttaka. Ef einstaklingur samþykkti þátttöku var hann beðinn um að gefa upp netfang og fékk sent kynningarbréf um rannsóknina, sem einnig innihélt ítarlegar upplýsingar um ábyrgðaraðila, hljóðritun, meðhöndlun trúnaðarupplýsinga, rétt þátttakenda til að hætta við þátttöku og staðfestingu á viðtalstíma.

Við undirbúning rannsóknar var horft til nýrra persónuverndarlaga og voru allir þátttakendur beðnir um að veita upplýst samþykki fyrir þátttöku. Í rannsókninni var hvorki farið fram á né unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar. Viðtölin voru hljóðrituð og voru að jafnaði um 50 mínútna löng. Þau voru síðan afrituð, kóðuð og greind. Allar upplýsingar sem þátttakendur veittu í rannsókninni voru gerðar ópersónugreinanlegar og meðhöndlaðar samkvæmt ströngustu kröfum um trúnað og nafnleynd. Til þess að aðgreina þátttakendur í niðurstöðum greiningar voru þeim gefin gervinöfn sem fundin voru í gögnum Hagstofu Íslands yfir 100 algengustu eiginnöfn karla og kvenna og valin 12 algengustu nöfnin fyrir hvort kyn^{22;23}.



Við tjaldstæðið á Egilsstöðum

Viðtölin á Egilsstöðum

Viðtölin á Egilsstöðum fóru fram dagana 29.-30. október. Rætt var við þrjár konur og tvo karla á aldrinum 27-50 ára. Ekkert þeirra taldi sig hafa bein tengsl við ferðapjónustu á Egilsstöðum. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá númer viðtals (E=Egilsstaðir), gervinafn einstaklings og uppruna hans. Í ljósi persónuverndar er ekki gerð frekari grein fyrir bakgrunni viðmælenda þar sem þeir búa allir í fámennum samfélögum og kunna frekari upplýsingar um starfsstéttir, þjóðerni, félagastörf, lengd búsetu o.s.frv. að vera persónugreinanlegar.

Númer	Nafn	Uppruni
E1	Guðrún	Aðflutt
E2	Kristín	Fædd og uppalin á Egilsstöðum
E3	Anna	Aðflutt og með erlendan bakgrunn
E4	Jón	Hefur búið á Egilsstöðum í meira en 30 ár
E5	Sigurður	Aðfluttur

Viðtölin fóru fram á stöðum sem valdir voru af þátttakendunum sjálfum. Eitt var tekið í opinberu rými á hóteli, eitt fór fram á heimili viðkomandi og þrjú fóru fram á vinnustöðum viðkomandi.

Greining viðtalanna í þemu mótaðist af spurningarammanum en þau eru hvernig ferðamannastaður viðkomandi bæjarfélag er og fjöldi ferðamanna; áhrif á daglegt líf, efnahag og atvinnulíf; jákvæðar og neikvæðar hliðar ferðapjónustunnar og framtíðarsýn. Einnig komu fram ný þemu sem voru sértæk fyrir Egilsstaði og má þar nefna umferðarmál, fasteignamarkaðsmál og hegðun ferðamanna. Beinar tilvitnanir í orð viðmælenda eru settar fram í bláum textakössum, í nokkrum tilfellum hefur þeim verið lítillega breytt til þess að forðast persónugreinanlegar upplýsingar.

²² Hagstofa Íslands. (2019). Eiginnöfn karla 1. janúar 2017. Sótt 19. júní 2019, af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_Faeddirdanir_Nofn_Nofnkk/MAN11101.px.

²³ Hagstofa Íslands. (2019). Eiginnöfn kvenna 1. janúar 2017. Sótt 19. júní 2019, af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_Faeddirdanir_Nofn_Nofnkvk/MAN11111.px.

EGILSSTAÐIR

Egilsstaðir er stærsti þéttbýliskjarni Austurlands og tilheyrir Fljótshéraði sem er stærsta sveitarfélag landsins að flatarmáli (8.884 km²)²⁴. Íbúafjöldi á Fljótshéraði 1. janúar 2019 var 3600 en þar af búa um 65% í þéttbýlinu við Lagarfljót, á Egilsstöðum að vestan (2501) og í Fellabæ að austan (398)^{25;26}. Frá árinu 2011 hefur íbúum á Fljótshéraði fjölgað um 6% en fjölgunin var hröðust á Egilsstöðum þar sem íbúum fjölgaði um 9,7%.

Egilsstaðir eru í miðju héraðinu, einn fárra bæja á landinu sem ekki liggur að sjó og eru eitt yngsta þéttbýli landsins. Bærinn er vel tengdur samgöngum. Hringvegurinn liggur gegnum bæinn og þar eru vegamót sem tengja saman nálæg byggðalög. Frá Reykjavík tekur um það bil 8 klukkustundir að keyra til Egilsstaða eftir hringveginum norður fyrir land en tæpar 9 klukkustundir eftir hringveginum suður fyrir. Í 30 km fjarlægð frá Egilsstöðum er Seyðisfjörður þaðan sem vikulegar ferjusíngingar Norrænu tengja landið við Evrópu. Í Fjarðabyggð eru hafnir sem hafa bæði tekið á móti flutningaskipum og skemmtiferðaskipum^{27;28}. Egilsstaðaflugvöllur er einn fjögurra millilandaflugvalla á Íslandi og er hann opinn allt árið. Geta má þess að áreiðanleiki áætlunarflugs til Egilsstaða er 99%²⁹.

Egilsstaðir eru landshlutamiðstöð verslunar og þjónustu sem m.a. kemur til vegna legu bæjarins og áður nefndri tengingu við nálæg byggðalög. Atvinnulíf á Fljótshéraði er fjölbreytt og starfa flestir íbúar við þjónustu og opinbera starfsemi²⁴. Ferðaþjónusta er talin vera ein lykilatvinnugreina svæðisins sem m.a. endurspeglar í miklu framboði á gistirými²⁴.

Á Egilsstöðum eru tvær upplýsingamiðstöðvar, Upplýsingamiðstöð Austurlands (landshlutamiðstöð) og Egilsstaðastofa sem er á tjaldstæði bæjarins. Auk þess er í bænum úrval gisti- og veitingastaða, sundlaug og minjasafn³⁰. Sænaútasel, Möðrudalur, Lagarfljót og Hallormsstaðarskógur eru talin vera meðal vinsælustu áfangastaða ferðamanna á Fljótshéraði²⁸. Í sóknaráætlun Austurlands 2015-2019 segir að á Austurlandi skulu lífsgæði íbúa vera góð og að íbúum líði vel innan um nýjan og vaxandi atvinnurekstur tengdum ferðaþjónustu og ferðamennsku³¹. Þessi áhersla rímar við áherslur í verkefninu Áfangastaðurinn Austurlands sem Austurbú hefur stýrt síðustu ár. Markmið verkefnisins eru ekki aðeins að styrkja aðdráttarafli og samkeppnishæfni Austurlands með áherslu á sjálfbærni og arðbæran vöxt ferðaþjónustu heldur er velferð sveitarfélaganna og íbúa þeirra höfð í forgrunni³². Árið 2018 var birt áfangastaðaáætlun fyrir landshlutann sem gildir til 2021. Áætluninni er ætlað að stuðla að ábyrgri ferðaþjónustu sem skilar sem mestum hagnaði til samfélaga og um leið að draga úr neikvæðum áhrifum²⁸. Eitt forgangsmála áætlunarinnar er að gera Austurland að ákjósanlegum áfangastað allt árið og koma á fót sk. áfangastaðastofu (e. *Destination Management Organisation*) sem geti stutt við fyrirtæki í ferðaþjónustu á svæðinu, fylgjast með framþróun og setja stefnumótandi markmið í þróun áfangastaða²⁸. Eitt nærtækasta dæmið um uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu eru laugarnar Vök Baths, sem opnuðu sumarið 2019. Um er að ræða fljótandi laugar í Urriðavatni en í vatninu er jarðhiti sem m.a. er nýttur í hitaveitu á Egilsstöðum. Vonast er til að laugarnar laði að ferðamenn og efla atvinnulíf í héraðinu³³.

²⁴ Aðalskipulag Fljótshéraðs 2008-2028. Greinargerð 27. október 2009. Reykjavík: Alta.

²⁵ Hagstofa Íslands. (2019). Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2019. Sótt 19. júní 2019, af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MAN02001.px/table/table_ViewLayout1/?rxid=654abc64-8d33-4e80-ae32-23024ae2ef1d.

²⁶ Hagstofa Íslands. (2019). Mannfjöldi eftir þéttbýlisstöðum, kyni og aldri 1998-2019. Sótt 19. júní 2019, af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_Byggdaskjarnar/MAN03105.px.

²⁷ Fljótshérað innviðagreining 2018. Unnið af Austurbú ses fyrir Fljótshérað. Sótt 19. júní 2019, af https://www.fljotsheraed.is/static/files/baeklingar/innvidagreining_isl.pdf

²⁸ Action Austurland. (2018). *Destination Management Plan Austurland 2018-2021*. Egilsstaðir: Áfangastaðurinn Austurland.

²⁹ Isavia. (e.d.). Um Egilsstaðaflugvöll. Sótt 20. júní 2019, af <https://www.isavia.is/egilsstadaflugvollur/um-egilsstadaflugvoll/>.

³⁰ Upplifðu Austurland. (e.d.). Egilsstaðir. Sótt 20. júní 2019, af <https://www.east.is/is/east/town/egilsstadir#aftreyving>.

³¹ Sóknaráætlun Austurlands 2015-2019. Sótt 4. júní 2018, af http://www.austurbu.is/static/files/PDF/2016/UA/soknaraaetlun_austurlands_2015-2019_endurskodun_2016.pdf.

³² Áfangastaðurinn Austurland. (e.d.). Hönnun áfangastaðar. Áfangastaðurinn Austurland, velkomin. Sótt 21. júní 2019, af <http://destinationausturland.com/about.html>.

³³ Visir. (2018, 12. júlí). *Þjóða gestum að baða sig í volgum vökum úti í vatni*. Sótt 21. júní 2019, af <https://www.visir.is/g/2018180719644>

Erlendir ferðamenn á Egilsstöðum

Tvær kannanir hafa verið gerðar á Egilsstöðum um ferðavenjur erlendra ferðamanna í bænum. Sú fyrri var gerð 2016 og voru niðurstöðurnar birtar í samantektarskýrslu Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík³⁴. Sumarið 2018 var sama könnun og niðurstöður birtar í skýrslu Ferðamálastofu³⁵. Við úrvinnslu könnunarinnar 2018 var stuðst við upplýsingar um brottfarir erlendra farþega um Flugstöð Leifs Eiríkssonar og gögn úr landamærakönnun Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands til að áætla fjölda ferðamanna á Egilsstöðum og í Hallormsstað. Talið er að 343 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið á Egilsstaði og í Hallormsstað á árinu 2018 og að þar af hafi langflestir (80%) komið á tímabilinu maí til september sem bendir til nokkuð mikillar árstíðasveiflu.

Niðurstöður könnunarinnar 2018 sýndu að flestir svarendur voru frá Þýskalandi og Bandaríkjunum. Staðsetning bæjarins og þjónustunnar sem þar er að finna var helsta ástæða heimsóknar á Egilsstaði. Tæp 60% svarenda voru næturgestir á Egilsstöðum og dvöldu þeir að jafnaði 26 klukkustundir í bænum. Meðaldvalarlengd dagsgesta var 3,1 klukkustundir. Helsta afþreyingin sem svarendur nýttu var að ganga um svæðið, smakka mat úr héraði og fara í sund. Þeir sem gistu á svæðinu voru flestir í gistingu á tjaldsvæðinu eða á hótélum bæjarins. Meðalútgjöld ferðamanna á sólarhring á Egilsstöðum voru 14.600 krónur en útgjöldin voru mest vegna gistingar. Um þriðjungur svarenda sagðist vera reiðubúinn til að mæla með heimsókn til Egilsstaða, einkum vegna fegurðar bæjarins, góðrar þjónustu og góðs tjaldsvæðis. Hins vegar voru tveir af hverjum þremur svarendum annað hvort hlutlaus eða mæltu ekki með heimsókn til Egilsstaða en helstu ástæður þess voru að of lítið væri um að vera í bænum til að þeir gætu mælt með honum sem áfangastað. Þrátt fyrir það voru svarendur almennt mjög ánægðir með heimsóknina enda mældist ánægjustigið 4,3 af 5 mögulegum.

³⁴ Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2017). *Erlendir gestir á Egilsstöðum sumarið 2016: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála. (sjá <http://www.rmfi.is/static/research/files/2017-04-18173-egilsstadir-skyrslapdf>)

³⁵ Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2019). *Erlendir ferðamenn á Egilsstöðum sumarið 2018 - Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Ferðamálastofa. (sjá <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/kannanir/atta-stadir-2018/rmf-egilsstadir-2018.pdf>)

Viðhorf heimamanna á Austurlandi

Í niðurstöðum könnunar Rannsóknamiðstöðvar ferðamála á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017 voru niðurstöður teknar saman fyrir Austurland og birtar í sérstakri samantektarskýrslu³⁶. Almennt sýndi þessi könnun að viðhorf íbúa á Austurlandi í garð ferðaþjónustu og ferðamennsku eru mjög jákvæð. Fólk sér mikil tækifæri í frekari uppbyggingu ferðaþjónustu og að hún hafi gætt austfirska samfélög lífi, aukði fjölbreytni í mannlífinu og bætt þjónustu við íbúa. Hins vegar kom einnig í ljós að Austfirðingar telja að efla þurfi innviði ferðaþjónustu í fjórðungnum og almennt eru Austfirðingar hræddari nú en áður að keyra úti á þjóðvegum landsins.

Þessar niðurstöður ríma nokkuð við kannanir sem gerðar voru árin 2015 og 2017 meðal íbúa á Austurlandi um viðhorf þeirra og upplifun af austfirsku samfélagi og innviðum Austurlands. Kannanirnar voru hluti af verkefninu Áfangastaðurinn Austurland. Í niðurstöðum³⁷ kom fram að ferðaþjónusta hefði jákvæð áhrif á íbúana í landsfjórðunginum og henni hefðu fylgt ný störf og tækifæri fyrir heimamenn. Neikvæðu áhrifin tengdust því að innviðir stæðust ekki álag af fjölda ferðamanna á ákveðnum stöðum. Einnig kvörtuðu íbúar undan rusli og húsbílum sem lagt var utan skilgreindra gistisvæða og yllu spjöllum á náttúrunni.

³⁶ Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2018). *Viðhorf íbúa á Austurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála. (sjá <http://www.rmfi.is/static/research/files/1520245654-austurlandpdf>)

³⁷ Action Austurland. (2018). *Destination Management Plan Austurland 2018-2021*. Egilsstaðir: Áfangastaðurinn Austurland.

FERÐAMANNABÆRINN EGILSSTAÐIR - FRÁ SJÓNARHÓLI ÍBÚA

Í viðtölum við íbúa kom skýrt fram að Egilsstaðir gegna mikilvægu hlutverki sem þjónustukjarni og sem samgönguæð. Fram kom að Egilsstaðir væri ungur bær sem hefði byggst sem þjónustukjarni – eða miðja – fyrir Austurland og fólk sem á þar leið um. Af lýsingum íbúa í viðtölunum að dæma felast styrkleikar ferðaþjónustunnar í háu þjónustustigi sem nýtist bæði ferðamönnum og heimamönnum, þar með talið öðrum íbúum á Austurlandi. Ekkert þeirra sem rætt var við sá fyrir sér að Egilsstaðir væri eiginlegur ferðamannabær í þeim skilningi að bærinn hefði tiltekið aðdráttarafi eða segul sem ferðamenn yrðu að upplifa eða sjá.

Gisting, verslun og veitingar

Viðmælendur voru meðvitaðir um að þjónustustigið í bænum væri hátt miðað við íbúafjölda. Mest var rætt um að úrval veitingastaða og verslana væri gott í bænum og að mikið væri um gistinguöguleika. Viðmælendur höfðu á tilfinningunni að gisting, verslun og þjónusta væri helsta ástæða þess að ferðamenn kæmu í bæinn og að helst væri að finna ferðamenn kringum þessa staði eða á rölti í kringum íþróttamiðstöðina/sundlaugina. Fram kom að lítið væri um afþreyingu fyrir ferðamenn fyrir utan minjasafnið sem ferðamenn virtust stundum ramba inn á, eins og fyrir tilviljun. Viðmælendur voru sammála um að þörf væri á uppbyggingu afþreyingarmöguleika fyrir ferðamenn og horfðu þeir með bjartsýni til uppbyggingar baðstaðar við Urriðavatn í von um að staðurinn muni á komandi tímum hafa mikið aðdráttarafi fyrir ferðamenn.

ÞJÓNUSTUKJARNI SEM GOTT ER AÐ GERA ÚT FRÁ

„Hér eru krossgötur og þetta er þjónustukjarni. En sem ferðamannabær? Nei. Þú þarft kannski að byggja svolítið meira upp til þess að fólk stoppi hérna lengur. En þetta er hins vegar ágætis staður til þess að gera út á aðra staði, Borgarfjörð, Seyðisfjörð, Fljótsdal og svo framvegis. En hvort að Egilsstaðir sem slíkur sé ferðamannabær, ég er ekkert endilega viss um það. Ekki nema í þeim skilningi að fólk kemur hingað til að gista.“

Sigurður (E5)

FÓLK KEYRIR Í GEGNUM BÆINN

„Það segir ýmislegt um Egilsstaði að vera krossgatan. Það fara rosalega margir hérna framhjá. Ofboðslega.“

Guðrún (E1)

STAÐSETNINGIN STERKASTI HLEKKURINN

„Þetta eru gatnamót. Ég held að það sé fyrst og fremst staðsetningin og auðvitað flugvöllurinn. Samgöngurnar bara liggja vel við. Egilsstaðir hafa náttúrulega mjög hátt þjónustustig miðað við stærð sem skýrist aftur bara af staðsetningu gagnvart samfélaginu á Austurlandi og það auðvitað síðan nýtist vel bæði fyrir ferðamenn og heimamenn.“

Jón (E4)

FERÐAMENN ERU ÞAR SEM ÞJÓNUSTAN ER Í BÆNUM

„Ferðamenn eru mikið að gista hérna, finnst mér. Það er bara nóg af fólki nálægt gististöðum eða kaffihúsum eða hjá N1 og svona stöðum þar sem er þjónusta. Það er nóg af ferðamönnum hérna en mér finnst Egilsstaðir reyndar ekki vera aðlaðandi staður fyrir ferðamenn. Mér finnst vera lítið að sjá hérna.“

Anna (E3)

ÞJÓNUSTAN NÝTIST LÍKA HEIMAMÖNNUM

„Ferðaþjónustan er kannski öðruvísi margri annarri starfsemi að þeir innviðir sem þurfa að vera í lagi fyrir ferðamanninn nýtast auðvitað íbúunum. Þannig að ég held að það græði allir á þessu.“

Jón (E4)

Þáttur Egilsstaða í áfangastaðnum Austurlandi

Í máli flestra viðmælenda kom fram að helsta aðdráttarafi Austurlands og afþreyingarstaðir væru ekki á Egilsstöðum heldur væri það annars staðar á Austurlandi. Aftur á móti töldu viðmælendur að bærinn væri ákjósanlegur staður til að „gera út frá“ þar sem auðvelt væri að komast til allra átta s.s. til Seyðisfjarðar, á Fljótsdal og á Borgarfjörð eystri. Einnig kom fram að fyrir mörgum séu Egilsstaðir aðeins viðkomustaður þar sem í mesta lagi er staldrað við í skamma stund til að versla eða vegna þjónustu. Viðmælendum bar saman um að flestir staðir, sem þeir verða varir við að ferðamenn heimsæki á Austurlandi, væru utan við bæinn. Hengifoss í Fljótsdal, Borgarfjörður eystri, Fljótsdalur og Seyðisfjörður voru oftast nefndir. Hlutverki bæjarins sem þjónustukjarna og samgönguæð fylgir mikil umferð fólks og bíla í bænum og gegnum hann. Bentu nokkrir íbúar á að til þess að bærinn gæti talist ferðamannabær yrði að byggja meira upp fyrir ferðamenn og skapa aðdráttarafi sem fengi fólk til að staldra lengur við í bænum.

BÆRINN Í LEIÐinni TIL ALLRA ÁTTA

„Egilsstaðir hafa allavega í gegnum tíðina dálítið verið staður sem fólk fer svolítið í gegnum. Það hefur verið gert út á að þetta sé svona miðjan, þú veist, þannig að það sé gott að vera hér og gera út héðan. Að gista hérna og borða hérna og svo geturðu farið til allra átta hérna og séð. Og það hefur svolítið verið alltaf þannig að ferðamenn koma í Egilsstaði og gista og halda áfram eitthvað annað. En stærstu afþreyingarpunktarnir á Austurlandi eru ekki endilega hér.“

Kristín (E2)

NÁLÆGÐ VIÐ FERÐAMENN MEIRI ANNARS STAÐAR Á AUSTURLANDI

„Ég flutti hingað frá [ónefndum stað á Austurlandi] og þar var miklu fleira fólk og ég sá miklu fleiri túrista. Þar er miklu meira fyrir ferðamenn að sjá. Þar sem ég bjó áður voru ferðamenn oft að spyrja mig hvort ég viti hvaða fjall þetta er eða þetta fjall og hvaða fuglar eru þetta í kringum okkur eða hvar er best að skoða það. Það var mikið af því og fólk var meira forvitið finnst mér.“

Anna (E3)

Hafa spurt sig hvort Austurland hafi misst af ferðamannastraumnum

Í viðtölunum veltu nokkrir íbúar fyrir sér stöðu Austurlands á vaxtarskeiði ferðamennsku á Íslandi. Viðmælendur höfðu á tilfinningunni að þessi mikli straumur ferðamanna, sem einkennt hefði umræðu um ferðamenn á Íslandi undanfarin misseri, hafi ekki legið austur á firði og veltu þeir því fyrir sér hvort Austurland hefði orðið út undan. Bent var á að Keflavíkurflugvöllur væri í margra klukkustunda akstursfjarlægð eða dýru innanlandsflugi frá Austurlandi. Erlendir ferðamenn sem kæmu gegnum Keflavík þyrftu því að leggja á sig töluvert ferðalag ef ætlunin væri að fara austur. Bentu viðmælendur á að ferðamannastraumurinn á landsbyggðinni hafi verið meðfram suðurströnd landsins, náð að Jökulsárlóni eða til Hornafjarðar að suðaustanverðu og til Mývatnssveitar í norðri. Að mati viðmælenda er ekki alveg ljóst hvers vegna en ástæðan væri væntanlega margþætt. Eitt af því sem hafði heyrst var að ekkert markvert væri að sjá fyrir austan og vegirnir væru vondir. Þeir sem höfðu heyrt slíkar sögur voru þeim vitanlega ekki sammála og töldu að ýmislegt benti til þess að Austurland ætti mikið inni sem áfangastaður ferðamanna.

UPPGANGURINN Í FERÐAÞJÓNUSTUNNI EKKI NÁÐ TIL AUSTURLANDS

„Ég held að þetta svæði hérna sé langmest útundan – eða kannski Vestfirðir líka – en það er það hefur ekki orðið nein alvörusprengja hérna. Ég á félagá sem eru að reka fyrirtæki í ferðaþjónustu [á ótilgreindum stað á Austurlandi] og það er vöxtur, skilurðu, en það er engin tvöföldun eða þreföldun. Það er aðeins betra en í fyrra, oftast, er það sem maður heyrir frá þeim. Þeir reka sig í þrjá mánuði en tímabilið sem slíkt er bara tveir mánuðir. Einhver massi af túristum er bara tveir mánuðir, það er ekkert meira.“

Sigurður (E5)

STRAMUR FERÐAMANNA EKKI NÁÐ AUSTUR

„Sko, traffíkin nær að Jökulsárlóni og hún nær í Mývatnssveit. Svo þegar maður spyr af hverju ekki lengra þá er sagt að það er ekkert að sjá annað. Það bara virðist vera lenskan. Ég heyrði sagt á einni bílaleigunni hérna um [ónefndan ferðaskipuleggjanda] sem var að búa til pakka[ferð um landið] að hann hefði sagt: „ekki fara austar en Höfn eða austar en Mývatnssveit. Eftir það eru bara hræðilegir vegir og það er ekkert að sjá þar.“

Guðrún (E1)

VIÐHORF TIL FJÖLDA FERÐAMANNA


Hæfilegur fjöldi á sumrin en of fáir á veturna

Nokkur munur var á viðhorfi Egilsstaðabúa til fjölda ferðamanna eftir árstíðum. Flestir svarendur símakönnunar á Egilsstöðum sögðu að fjöldi ferðamanna væri hæfilegur á sumrin og að heldur eða of fáir ferðamenn væru í bænum á veturna. Einn af hverjum fimm íbúum sagði þó að fjöldi ferðamanna væri heldur eða of mikill á sumrin en mjög fáir, eða 7% svarenda, sögðu að fjöldinn væri heldur eða of mikill á veturna.

Konur og íbúar undir þrítugu, íbúar sem störfuðu ekki við ferðaþjónustu og þeir sem ekki gátu hugsað sér starf við ferðaþjónustu voru líklegustu hóparnir til að segja að fjöldi ferðamanna væri heldur eða of mikill á sumrin. Karlar, fólk á aldrinum 45-59 ára, sjálfstætt starfandi og þeir sem störfuðu við ferðaþjónustu voru frekar en aðrir hópar á því að fjöldi ferðamanna væri of lítill á sumrin. Karlar og þeir sem störfuðu við ferðaþjónustu voru líklegustu hóparnir til að segja að ferðamenn væru of fáir á veturna.

Svipuð viðhorf á Egilsstöðum og annars staðar á Austurlandi

Samanburður á svörum Egilsstaðabúa við landskönnun 2017 og svör íbúa á Austurlandi leiddi í ljós óverulegan mun á viðhorfum til fjölda ferðamanna á sumri og vetri. Í landskönnun kom fram að meirihluti íbúa á Austurlandi taldi ferðamenn vera hæfilega marga á sumrin og að viðhorf íbúa á Austurlandi voru í takti við viðhorf landsmanna og var munur á svörum ekki marktækur. Í landskönnun 2017 kom í ljós að íbúar á Austurlandi voru líklegri en aðrir landsmenn til að finnast fjöldinn vera heldur eða of lítill. Viðhorf Egilsstaðabúa til fjölda að vetri rímuðu vel við svör annarra íbúa á Austurlandi.



Hægt að taka við fleiri ferðamönnum

Í svörum Egilsstaðabúa kom skýrt fram að þeim finnst vera rými fyrir fleiri ferðamenn á svæðinu og er það í góðu samræmi við frásagnir viðmælenda. Íbúar á Egilsstöðum voru marktækt líklegri en íbúar á hinum svæðunum til að segja að heimabyggðin gæti tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður en um 71% íbúa á Egilsstöðum töldu rými vera fyrir fleiri ferðamenn á meðan 22% voru á öndverðum meiði.

ÁHRIF Á DAGLEGT LÍF HEIMAMANNA

Bærinn fyllist af fólki og bílum þegar Norræna kemur til Seyðisfjarðar

Í símakönnun sögðust þrír af hverjum fjórum íbúum á Egilsstöðum verða nær daglega varir við ferðamenn í bænum. Ef horft er til niðurstaðna landskönnunar 2017 virðast Egilsstaðarbúar hafa sjaldnar orðið varir við ferðamenn í heimabyggðinni en íbúar almennt á Austurlandi. Í viðtölum á Egilsstöðum kom fram að utanbæjarfólk væri algeng sjón í bænum og að umferð sem því fylgir væri í raun eðlilegur hluti af daglegu lífi bæjarbúa. Viðmælendur virtust þannig ekki kippa sér upp við mikinn fjölda fólks í bænum á vissum tímum. Engu að síður kom skýrt fram í frásögnum íbúa að á ákveðnum tímum upplifi heimamenn bæinn sinn troðfullan af fólki og það geti haft áhrif á daglegt líf bæjarbúa, einkum þegar matvara selst upp í verslunum. Þetta gerist helst þegar ferjan Norræna kemur til Seyðisfjarðar og á góðum sumrum þegar íslenskir ferðamenn flykkjast austur til að njóta veðurbliðu. Sagt var frá því að fyrstu klukkustundirnar eftir að ferjan kemur til Seyðisfjarðar fyllist miðbær Egilsstaða af fólki og bílum. Töldu viðmælendur að heimamenn létu þetta ástand almennt ekki trufla daglegt líf jafnvel þótt þeir þurfi að bíða með sínar útréttingar og erindi í verslunum. Enginn viðmælendanna gat þó sagt nákvæmlega hvaða daga ferjan kemur og var sérstaklega tekið fram að þetta væri aðeins á ákveðnum tímum og fari ekki í taugarnar á heimamönnum.

MIKILL FJÖLDI FÓLKS Á FERJUDEGI OG BÚÐIN TÆMIST

„Það koma allir hérna í gegn og tæma búðina á ferjudegi. Annars finnst mér maður ekki verða mikið var við þá túrista. Mikið til húsbílar finnst manni og þeir eru ekkert að eyða stórum upphæðum í neitt sérstakt. Nema tæma búðina. Ég held að það sé enginn að pirra sig á því. Það er óþolandi umferð í gegnum bæinn alveg í tvo tíma eftir að ferjan kemur og búðirnar tvær tæmast. En að öðru leyti bara ágætt, skilurðu, fínt.“


Sigurður (E5)

ÍSLENDINGAR FLYKKJAST AUSTUR ÞEGAR SPÁIN ER GÓÐ

„Það var spáð 18 stiga hita þá bara flykkjist fólk hingað austur og það gerðist á einum degi. Og þá náttúrulega hvarf allt! Það var ekkert til. Kol, grill, grillmatur eða brauð. Það bara hvarf.“

Guðrún (E1)

Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð?



VITA AÐ SUMA DAGA ER STÚTFULLT Í BÆNUM EN PIRRA SIG EKKI


„Ferjan á Seyðisfirði kemur á ákveðnum dögum og þá er bærinn bara stútfullur. Ég man nú aldrei nákvæmlega hvaða dagar þetta eru, hvort það er miðvikudagur eða fimmtudagur sem hún kemur á sumrin. En í sumar þá var mjög gott veður hér en ekki annars staðar og það kom dálítið af ferðamönnum. Það var ótrúlega oft sem maður upplifði að maður kom í búðirnar og það voru bara allar hillur tómar. Það var eins og einhvern veginn verslanirnar hefðu ekki verið undirbúnar alveg. Kannski bara man maður aldrei eftir þessu fyrr en maður stendur frammi fyrir því einhvern veginn. En oft, einmitt á þessum ferjudögum þá er bara stútfullt niðri í bæ af húsbílum og bílum og búðirnar alveg stútfullar. Það er kannski það sem heimamenn vita bara af og eru ekkert endilega að pirra sig á og eitthvað en það er svona kannski það sem maður verður mest var við þetta.“

Kristín (E2)

Ferðamenn vekja ekki eftirtekt

Þeir heimamenn sem rætt var við í viðtölunum áttu það sameiginlegt að hafa ekki veitt ferðamönnum í bænum sérstaka eftirtekt. Frásagnirnar báru þess merki að ferðamenn væru hluti af bæjarmyndinni og hversdagslegur hluti af daglegu amstri. Eins og kom fram hér að framan eru ferðamenn mest áberandi á ferjudögum, sökum fjöldans og bílanna. Dæmi voru um að íbúar viti ekki hvað ferðamenn gera í bænum annað en að versla og nýta þjónustu. Tekið var fram að þrátt fyrir fjöldann í bænum þá væri það ekkert í líkingu við það sem búast mætti við á sunnanverðu landinu.

Í símakönnun kom fram að 60% svarenda á Egilsstöðum höfðu ekki orðið fyrir meira ónæði í daglega lífinu en áður sem er ívið lægra hlutfall samanborið við svör íbúa á Austurlandi í landskönnun 2017 (69%). Tæp 30% sögðu að ferðamenn yllu meira ónæði í daglega lífinu en áður. Ekkert bendir þó til þess að hópur þeirra sem hafi orðið fyrir auknu ónæði vegna ferðamanna sé hlutfallslega stærri á Egilsstöðum en annars staðar í landshlutanum. Mestu munar um þá svarendur sem ekki tóku afstöðu.



Auðvelt að komast hjá samskiptum við ferðamenn

Á Egilsstöðum sögðust 54% íbúa eiga vikulega samskipti við ferðamenn á sumrin, þar af sögðust 26% íbúa eiga samskipti við ferðamenn daglega. Hlutfall íbúa sem áttu í vikulegum samskiptum við ferðamenn var lægst á Egilsstöðum samanborið við hin bæjarfélögin þrjú. Líkt og í hinum bæjarfélögum líkaði langflestum Egilsstaðabúum frekar (56%) eða mjög vel (27%) við að eiga samskipti við ferðamenn. Aftur á móti var hlutfall svarenda sem ekki tók afstöðu hæst á Egilsstöðum, eða 12%. Hugsanlega skýringu má finna í viðtölunum þar sem kom skýrt fram að samskipti viðmælenda við ferðamenn voru ýmist engin eða afar lítil. Helst væri það ef heimamenn „lenda í því“ að ferðamenn spyrji til vegar sem gerist sjaldan. Bent var á að heimamenn beri sig ekki eftir því að eiga samskipti við ferðamenn og að auðvelt sé að komast hjá þeim. Það er því athyglisvert að í símakönnun sögðust 86% Egilsstaðabúa vera fúsir til að veita ferðamönnum aðstoð til að bæta upplifun þeirra í heimabyggðinni. Hlutfall íbúa sem voru fúsir til þessa var þó lægst á Egilsstöðum samanborið við Húsavík, Reykjanesbæ og Stykkishólm en munurinn var þó ekki marktækur.

TEKUR EKKI EFTIR FERÐAMÖNNUM

„Maður sér náttúrulega að það er bara orðið mjög mikið af ferðamönnum sem eru akandi hérna. Og fólk er bara... ja, ég tek ekkert sérstaklega eftir þeim.“

Jón (E4)

STUNDUM MARGIR FERÐAMENN EN EKKI EINS TROÐIÐ OG FYRIR SUNNAN

„Sko það er ekki svona mikill ágangur hér og víða annars staðar. Það er ekki þessi massi sem er á suðvesturhorninu, hann er ekki hér. Það er miklu minna. Það eru færri ferðamenn hér og þetta er ekki eins troðið.“

Kristín (E2)

FINNA SIG EKKI TILNEYDDA TIL AÐ TALA VIÐ FERÐAMENN

„Nei, maður er ekkert í að tala við ferðamenn nema maður vilji það. Þú kemst auðveldlega hjá því. Þú þarft ekkert að ávarpa þá eða gera neitt sko. Maður er ekki beint þvingaður til neins. Það er helst ef maður er spurður til vegar og það er þá yfirleitt þegar fólk er í vandræðum með að finna Airbnb-húsið, gistinguna. Það eru fyrst og fremst svoleiðis spurningar sem ég hef lent í. Þá bara segi ég til. En ég held að það sé ekkert oft sem að fólk er að stoppa mann.“

Guðrún (E1)

ÁHRIF Á EFNAHAG, ATVINNULÍF OG ÞJÓNUSTU

Fer vel með öðrum atvinnugreinum í bænum

Efnahagslegt mikilvægi ferðapjónustu í hugum íbúa á Egilsstöðum var ótvírætt eins og sjá má í myndinni hér til hliðar. Meirihluti íbúa (72%) sagði í símakönnun að ferðapjónustan skapaði heilsárs störf í samfélaginu. Jafnhátt hlutfall svarenda (72%) vildi meina að ferðapjónustan tæki ekki til sín starfsfólk á kostnað annarra atvinnugreina í bænum en hlutfall svarenda sem svo sagði var langhæst á Egilsstöðum samanborið við Húsavík (64%), Reykjanesbæ (53%) og Stykkishólm (62%). Viðmælendur staðfestu mikilvægi ferðapjónustunnar í viðtölunum en þeir greindu frá því að áður fyrr hefðu sum fyrirtæki lokað yfir vetrarmánuðina þar sem ekki hafi verið grundvöllur fyrir heilsárs starfsemi vegna þess að viðskiptavinina hefði vantað. Höfðu þeir á tilfinningunni að þetta hefði breyst.

Flestir viðmælendur voru einnig sammála um að ferðapjónusta færi vel með öðrum atvinnugreinum í bænum og enginn vissi til nokkurra áreksra milli atvinnugreina. Fram kom að þar sem Egilsstaðir væru í eðli sínu þjónustukjarni og að þar hefði löngum verið mikið um verktakastarfsemi, opinbera þjónustu og aðra þjónustu þá græddu atvinnugreinarnar hver á annarri og af hvers kyns uppbyggingu sem ætti sér stað í bænum.

ÚR VERTÍÐ YFIR Í HEILSÁRSATVINNUGREIN

„Það eru bara töluvert margir sem hafa atvinnu af ferðapjónustu og þetta er orðið... held ég, án þess að ég hafi beint vit á því, þetta er meira mín tilfinning að þetta sé orðið meira svona heilsárs. Kannski einu sinni var þetta svolítið þannig að þetta var svona vertíð og svo var bara ekkert í gangi yfir veturinn en það hefur held ég minnkað.“


Kristín (E2)

FERÐAÞJÓNUSTAN STYÐUR VIÐ AÐRAR ATVINNUGREINAR Í BÆNUM


„Þetta [ferðapjónustan] styður náttúrulega undir einhvers konar þjónustustarfsemi. Egilsstaðir eru náttúrulega láglaunasvæði fyrst og fremst og þetta er mjög mikið þjónustusvæði. Þar styður gisting náttúrulega við veitingastaði sem styðja við þá sundlaugina eða eitthvað, skilurðu. En jú, ferðapjónustan hjálpar pottþétt öðrum fyrirtækjum hér. Það hefur pottþétt miklu meiri áhrif á fyrirtæki hérna á Egilsstöðum en til dæmis kannski niðri í Fjarðabyggð þar sem er miklu meiri frumiðnaður og sjávarútvegur eru miklu stærri.“

Sigurður (E5)

Er ferðapjónusta efnahagslega mikilvæg í þinni heimabyggð?



Hlutfall svarenda sem voru sammála fullyrðingum



Hátt þjónustustig langstærsti ávinningurinn

Flestir, eða um 87% svöruðu í símakönnun að ferðþjónusta auki fjölbreytni í atvinnulífinu í bænum. Hins vegar var hlutfall þeirra sem svaraði svo lægst á Egilsstöðum samanborið við hin bæjarfélögin þrjú þar sem hlutfallið var alls staðar yfir 90% og var sá munur marktækur. Líkt og í hinum bæjarfélögum töldu flestir Egilsstaðabúar að ferðþjónusta hefði leitt til fjölbreyttari þjónustu en hins vegar var hlutfall svarenda sem ekki tók afstöðu hæst á Egilsstöðum, eða 13%.

Ánægja með hátt þjónustustig í bænum var sem rauður þráður í gegnum öll viðtölin á Egilsstöðum og voru viðmælendur sannfærðir um að ferðamennska léki þar stórt hlutverk. Fram kom að þjónustan nýtist bæði heimamönnum og ferðamönnum og í því samhengi ræddu viðmælendur einkum um tvær stórar matvöruverslanir í bænum og breitt úrval veitingastaða sem hefðu lagt sig fram við að höfða til bæði ferðamanna og heimamanna. Voru menn þannig á því að þjónustustigið á Egilsstöðum væri óvenju gott miðað við íbúafjölda og að þjónustustigið væri betra en búast mætti við á sambærilegum stöðum. Ekki væri að búast við því að allir íbúar myndu nota þjónustuna en viðmælendur bentu á að það að eiga kost á henni hefði mikið gildi.


Sumir viðmælendur efuðust um að heimamenn væru almennt að velta mikið fyrir sér að hversu miklu leyti ferðþjónustan hefði áhrif á aðgengi og úrval verslunar og þjónustu á meðan allir hópar njóti góðs af. Þetta er í samræmi við niðurstöður símakönnunarinnar þar sem meira en helmingur svarenda taldi ferðþjónustuna hvorki hafa jákvæð né neikvæð áhrif á aðgengi íbúa að þjónustu í bænum en jákvæð afstaða til áhrifa ferðþjónustu á almenn lífskjör íbúa var nokkuð afgerandi.

ÚRVALIÐ EKKI SJÁLFGEFID

„Það er spurning með eggid og hænuna. Þessi fjöldi ferðamanna hefur hjálpað til við að byggja upp og styrkja þessa þjónustu. Eins og hér er fjöldi veitingastaða bara ekki í neinu samhengi við íbúafjölda. Við erum að njóta kannski þess að hér er miklu sterkari þjónusta heldur en kannski á öðrum sambærilegum stöðum. Að menn hafi herna úrval af veitingastöðum sem er alls ekki sjálfgæfið. Við höfum alveg kynnst því hér að það er ekkert óalgengt að þeir loki á veturna og þess háttar. Og ekki það, sumir gera það kannski ennþá. [...] Ég meina, við erum ekki nema eitthvað rétt á milli 3 og 4000 manna samfélag herna á Héraðinu og kannski um 10.000 á Mið-Austurlandi en við fáum að láta eins og við séum töluvert stærra út af ferðamönnunum. Þjónustustigið er bara hærra af því að það er þörf á því hjá þeim sem fara herna í gegn.“

Jón (E4)

Mat á áhrifum ferðþjónustu á nokkra þætti á Egilsstöðum



ÚRVALIÐ TILKOMIÐ VEGNA FERÐAMANNA

„Það sem túristinn gerir hér er að við höfum herna alveg frábæra veitingaSTAÐI! Það er ekkert bara einn eða tveir, það eru bara töluvert margir og allir mjög finir. Og við höldum úti tveimur matvörubúðum sem er náttúrulega líka í sjálfu sér mjög flott. Þannig að það er aðeins úrval. Ég er ekki viss um að hefðum við ekki ferðamanninn að við hefðum þetta svona. Ég bara efast stórlega um það.“

Guðrún (E1)

ÍBÚARNIR NJÓTA ÞESS AÐ BÆRINN ER MIÐPUNKTUR AUSTURLANDS

„Ferðþjónusta hefur í rauninni gert Egilsstaði ennþá meira að miðpunkti Austurlands, held ég. Þetta er svona staður sem er miðpunktur og fólk kemur herna og gistir herna og svo fer það bara eitthvað annað, til að leita sér að einhverju að gera. En þetta hefur samt þýtt það að með aukinni gistingu þá hafi komið inn fleiri veitingastaðir. Og það er alveg nett góðæri í gangi herna og maður finnur það þá helst bara á að veitingastaðirnir eru miklu fleiri. Það eru miklu fleiri staðir sem eru farnir að selja bjór. Ég finn það ekki í neinu öðru held ég sko. Aðallega bara í herra þjónustustigi og meira framboði á einhverri þjónustu.“

Sigurður (E5)

GOTT AÐ EIGA MÖGULEIKA Á ÞJÓNUSTUNNI

„Það er oft talað um það að fólk vill eiga möguleikann án þess að það sé eitthvað alltaf að nýta hann, skilurðu. En maður reynir alveg. Ef maður vill hafa svona þjónustu þá verður maður að nota hana.“

Krístín (E2)

Telja að þjónustuaðilar á Egilsstöðum ráði almennt vel við álagið

Í símakönnuninni var spurt um álag á ýmsa þjónustuðila vegna aukins fjölda ferðamanna og má sjá niðurstöður úr öllum bæjarfélögum hér til hliðar. Í flestum tilfellum var meirihluti svarenda á Egilsstöðum þeirrar skoðunar að þjónustuaðilar ráði vel við fjölgun ferðamanna á svæðinu. Afstaða Egilsstaðabúa um það hvort heilbrigðisþjónustan hafi ráðið vel eða illa við álag var hins vegar ekki eins afgerandi og afstaða svarenda í hinum bæjarfélögum þremur og var sá munur marktækur. Af þeim þjónustuaðilum sem spurt var um í símakönnun ræddu viðmælendur á Egilsstöðum aðeins um lögreglu og verslanir. Í frásögnum viðmælenda kom fram verslunarrekendur hafi stundum átt erfitt með að undirbúa verslanir fyrir „stóra“ daga og anna eftirspurn sem leiði til vöruburrðar. Þá kom fram að lögreglan hafi margsinnis þurft að hafa afskipti af ferðamönnum sem hafi komið sér fyrir til næturðvalar á ólíklegustu stöðum og voru viðmælendur ánægðir með það.

LÖGREGLAN REYNI AÐ PASSA AÐ HEIMAMENN VERÐI EKKI FYRIR ÓNÆÐI

„Ég veit að lögreglan hér reynir að passa að ferðamenn séu á réttum stað svo að fólk sem býr hérna á Egilsstöðum verði ekki fyrir neinum óþægindum. Ég veit að sumir ferðamenn reyna alveg ýmislegt. Það var einn maður að hjóla í kringum Ísland og ætlaði að sofa í svefnpokanum sínum alveg upp við Bónus og reyndi þannig að skýla sér frá rigningu. Löggan kom og sagði: „Fyrirgefðu, á Íslandi er bannað að gista hérna. Þú þarft að fara í tjaldstæði, þú getur verið með tjald þar. Hann vildi ekki hlusta en færði sig samt. Svo þegar löggan fór á tjaldstæðið til að kíkja hvort hann væri þar þá var hann ekki þar. Hann bara fór eitthvert annað.“


Anna (E3)

VERSLANIR EKKI NÆGILEGA VIÐBÚNAR FYRIR FJÖLDANN

„Stundum finnst manni eins og verslanirnar séu ekki alveg að gera sér grein fyrir því að stundum fyllist bærin af fólki og þæli ekki nógu mikið í því að það séu ferjudagar eða að það sé góð spá. Ég þekki einn sem vinnur í Ríkinu og þar til dæmis, ef það er spáð sól um helgina þá er bara keypt extra inn í Ríkið til þess að það sé nóg. Af því að þau vita líka að Íslendingar ferðast eftir veðrinu. Þá eru menn bara að birgja sig upp sko. En það er náttúrulega auðveldara að vera með birgðir af víni heldur en einhverja ferskvöru, ég skil það náttúrulega.“

Krístín (E2)


Hversu vel eða illa finnst þér eftirtaldir aðilar ráða við fjölgun ferðamanna í þinni heimabyggð?




ÁHRIF Á SAMFÉLAGIÐ

Heildaráhrif ferðapjónustu jákvæð og samfélagið opnara


Niðurstöður símakönnunarinnar benda til þess að á heildina litið telji Egilsstaðabúar ferðamennsku og ferðapjónustu hafa jákvæð áhrif á samfélagið og búsetuskilyrðin á svæðinu. Þetta er í takti við niðurstöður landskönnunar 2017 og rímar vel við niðurstöður frá hinum bæjarfélögum þremur. Meirihluti íbúa á Egilsstöðum taldi ferðapjónustu bæta lífsgæði heimamanna og hafa jákvæð áhrif á samfélagsandann.



Rúmlega helmingur taldi ferðapjónustu ekki hafa áhrif á aðstöðu til útivistar/frístundaiðkunar og framboð á menningarviðburðum og skemmtunum. Hins vegar svöruðu rúmlega 40% að ferðapjónustan hefði haft jákvæð áhrif á þessa þætti. Þessi sjónarmið komu einnig fram í viðtölunum en sumir viðmælendur sáu fyrir sér að mestu áhrifin fælust í betri þjónustu fyrir heimamenn. Fram kom að hátt þjónustustig ætti sinn þátt í að gera bæinn að góðum kosti til búsetu og aðlaðandi fyrir ungt fólk að flytja til baka þangað eftir nám.



Hlutfall svarenda sem voru sammála fullyrðingum



SAMFÉLAGIÐ OPNARA

„Áður en ég flutti hingað þá var eiginlega ekkert um að vera hérna og fólk vant því að vera bara í klúbbum heima. Rosalega mikið af klúbbum hérna, alveg ofboðslega. Matarklúbbar, saumó og alls konar klúbbar. Og fyrir aðkomufólk er ekkert auðvelt að komast inn í klúbba hérna, það er ekki svoleiðis. Þannig að skemmtunin fór fram í heimahúsum og er í sjálfu sér ennþá svolítið mikið þannig í dag. Nema hvað, þarna er þó hópurinn farinn að fara á veitingastaðina í hádeginu og það er kannski líka af því að þeir eru að bjóða upp á hversdagsmat. Eftir að Valaskjálfnopnaði þá er komið miklu meira af tónlistaruppakomum og svona en það er ekkert voðalega mikið stílað inn á ferðamenn. Síðan er búið að opna Austurbrugg og Ask. Þeir eru farnir að bjóða upp á svona bjórkynningar og taka á móti hópum en núna er komin farfuglastemmingin. Þetta er staður sem er við hliðina á tjaldstæðinu og hentar bara mjög vel. Og þar er komið líka svona líf á kvöldin og svona smá uppakomur. Þá blandast hópurinn svolítið vel þar.“

Guðrún (E1)

Erfiður leigumarkaður

Að mati meirihluta svarenda símakönnunar á Egilsstöðum hefur ferðapjónustan haft neikvæð áhrif á framboð fasteigna á leigumarkaði í bænum en skiptar skoðanir voru um áhrif ferðapjónustu á fasteignaverð. Í viðtölum beindu viðmælendur spjótum sínum að áhrifum ferðapjónustu á leigumarkaðinn í bænum og töldu að húseigendur sæju meiri ábata af því að leigja út húsnæði til ferðamanna en að vera með leigjendur til lengri tíma. Þrír viðmælendur áttu erfiða reynslu af leiguhúsnæði að baki og sögðu að lítið væri í boði af hentugu húsnæði til langtíma búsetu án þess stofna til fasteignakaupa. Dæmi voru um að ástandið hefði fælt nýtt fólk frá því að flytja í bæinn.

ÓHENTUGT LEIGUHÚSNÆÐI

„Það er ekkert til leigu hérna eða voða lítið. Það er meira finnst mér ef að fólk á einhverja íbúð að það sé verið að leigja fyrir ferðafólk og fá meiri pening. Það er ekkert fyrir fólk sem vill búa hérna án þess að kaupa fasteign. Þegar ég var að leita fann ég ekki neitt nema lítinn bílskúr eða rísa hús með sex svefnherbergjum. Ég þarf ekki sex svefnherbergi.“

Anna (E3)

Umferðarþungi veldur áhyggjum


Egilsstaðabúar voru flestir sammála um að aukinn umferðarþungi og tafir á vegum væru af völdum ferðapjónustu. Þetta er í takti við niðurstöður úr landskönnun 2017 þar sem fram kom að umferðarmálin voru meðal neikvæðustu hliða ferðapjónustunnar að mati íbúa á Austurlandi. Frásagnir íbúa um þunga umferð gegnum bæinn í og við verslana- og þjónustukjarna í miðbænum á tilteknum dögum styðja þetta. Akstur ferðamanna á bílaleigubílum var nokkrum viðmælendum hugleikinn. Einkum var rætt um óvissar aðstæður til aksturs og færð á vegum sem geti komið reynslulitlum öikumönnum í opna skjöldu, jafnvel svo að þeir tapi áttum. Viðmælendurnir áttu það sammerkt að vilja að öryggi öikumanna verði tryggt með einhverjum hætti.

FERÐAMENN ÞURFA UPPLÝSINGAR UM AÐSTÆÐUR

„Það hefur verið mjög mikið talað um hérna hvers vegna ríkið eigi ekki að kosta til fastrar upplýsingamiðstöðvar þannig að það sé hægt að stoppa þetta lið. Veita bara konkret upplýsingar áður en þú ferð eitthvað. Ég meina, fólk er að fara hérna upp á Kárahnjúka og festa sig. Maður veit yfirleitt sjálfur hver staðan er og fylgist með. En ég meina, ferðamennirnir eru bara að eltast við GPS-punkta og einhver ákveðin ljósmyndasjónarhorn. Þeir eru ekkert að spá í þetta.“

Guðrún (E1)

Mat á áhrifum ferðapjónustu á húsnæðismarkað á Egilsstöðum



ÁSTAND Á LEIGUMARKAÐI FÆLIR NÝJA ÍBÚA FRÁ

„Það eru ótrúlega margar íbúðir sem eru með Airbnb eða gegnum Booking. Það er eiginlega bara alveg hræðilegt. Og það gerir það að verkum eins og ég lenti í að það er rosalega erfitt að fá leiguhúsnæði og það er ofboðslega erfitt að halda leiguhúsnæðinu. Það getur verið nokkuð auðvelt að fá frá 1. október og til 1. mars. Eftir það ertu bara á götunni og húsnæðið að fara í útleigu. [...] Ég veit um fólk sem fékk vinnu hér en hætti við að koma af því þau lögðu ekki í húsnæðismálin. Bara fundu ekki eða treystu ekki að þau fengju varanlegt húsnæði og voru ekki tilbúin að kaupa strax.“

Guðrún (E1)

Mat á áhrifum ferðapjónustu á umferð á Egilsstöðum



FERÐAMENN VITA EKKI ALLTAF HVAR ÞEIR ERU

„Auðvitað tekur maður eftir því að fólk er stundum alveg ofboðslega týnt og auðvitað sérstaklega á veturna. Ég hef alveg séð það að þegar fólk kemur hérna tiplandi jafnvel alveg óvart inn og er búin að keyra einhverja fjallvegi og jafnvel lent út af og eitthvað svoleiðis.“

Jón (E4)

Staða erlends starfsfólks í ferðaþjónustu óljós

Viðmælendur töluðu um að atvinnuástand á Egilsstöðum væri gott og að næga vinnu væri að hafa fyrir heimamenn. Sumir töluðu um að heimamenn sæktust ekki eftir störfum í ferðaþjónustu þótt þau stæðu þeim til boða og að þeir hafi jafnvel nóg annað að gera. Greint var frá því að mikið væri af erlendu fólki við störf í ferðaþjónustu einkum á veitinga- og gististöðum. Flestum þótti það í góðu lagi en vissu þó að sumum íbúum þætti erfitt að geta ekki talað íslensku á þessum stöðum. Viðmælendur höfðu það á tilfinningunni að flestir útlendingar staldri mjög stutt við í bænum og að fáir komist inn í samfélag heimamanna. Af ummælum íbúa að dæma virðist þessi hópur ekki áberandi í bænum. Nefnt var að heimamenn viti lítið um kjör og aðbúnað erlends starfsfólks á svæðinu og að í ferðaþjónustu væri auðvelt að fela ef fólk væri látið vinna lengur en samningar kveða á um. Greint var frá því að grunur hefði vaknað um að réttindi starfsfólks væru ekki alltaf virt en óvíst væri hvort íslenskir neytendur – eða heimamenn – myndu láta í sér heyra vegna þess.

VINNUAFLSPÖRF MÆTT MEÐ ERLENDU FÓLKI

„Ég held að það sé óhætt að segja að það hafi fjölgað töluvert erlendum starfsmönnum. Störf í ferðaþjónustu standa heimamönnum klárlega til boða en þeir sem ég þekki í þessum geira herna kvarta svolítið undan því að það sé erfitt að manna. [...] Það er bara ágætis atvinnuástand herna þannig að ég geri ráð fyrir því að það bara vanti vinnuafli.“

Jón (E4)

SMÆÐIN HINDRAR MÖGULEGA AÐ FYRIRTÆKI SÉU KLÖGUÐ FYRIR BROT GEGN STARFSÓLKI

„Ég held að það séu margir bara svona þokkalega meðvitaðir um að það er allavega ekki allt upp á 100%. En ég held að Íslendingar séu alveg arfaslakir neytendur og enginn nennir að gera eitthvað í því og beita veskinu sínu til að refsa viðkomandi. [SP: Væri hægt að tilkynna svona til dæmis til verkalyðsfélagsins?] Já, það er helst eitthvað svoleiðis. En þá ertu kominn inn á eitthvað svæði. Þú vilt kannski ekki missa fyrirtækið af svæðinu og veist að ef allt færi í lás þar þá myndi það kosta minni þjónustu og svona alls konar hluti. Það vill enginn. Þannig að þetta ekki alveg eins einfalt og það hljómar, allavega ekki fyrir minni samfélög sem eru kannski háðari einstökum fyrirtækjum. Ef eitt hótél eða tveir veitingastaðir myndu loka, það myndi ekki breyta neinu, skilurðu. En á svona minni stöðum þar sem er kannski grunur um þetta þá er ekkert víst að fólk vilji gera neitt af því að fólk vill ekki eiga það á hættu að missa þetta af markaði. En það er auðvelt að láta einhvern skúra þrem tímum lengur.“

Sigurður (E5)

VITA EKKI HVER AÐBÚNAÐUR STARFSFÓLKS ER

„Það er náttúrulega líka að sjálfssögðu neikvætt ef það er ekki verið að koma almennilega fram við starfsfólkið. Maður veit náttúrulega ekkert um það. Þetta er eins og ég segi, það er alveg klárlega hér erlent fólk sem að stoppar stutt og eitthvað og maður veit ekkert á hvernig vöktum eða kjörum þau eru.“

Kristín (E2)

HÚSBÍLAR UTAN SKILGREINDRA ÞJÓNUSTUSVÆÐA PIRRA HEIMAMENN

„Manni finnst ótrúlega þeirri þegar maður sér bíl sem er augljóslega lagt á eitthvað stæði og það er augljóslega fólk að sofa þar þegar það er bara finasta tjaldstæði herna sem er með opið allan sólarhringinn og aðgangur að sturtu og klósetti. Mér finnst það samt hafa minnkað. Mér finnst ég ekki hafa séð það í sumar eins kannski mikið og maður sá þar kannski sumarið þar áður og þar áður.“

Kristín (E2)

Hegðun ferðamanna ekki alltaf ásættanleg

Í símakönnun kom fram að einn af hverjum þremur íbúum á Egilsstöðum hafði vikulega orðið vitni af óæskilegri hegðun eða neikvæðri framkomu ferðamanna í heimabyggðinni á síðustu 6 mánuðum (sjá mynd á næstu síðu). Íbúar undir þrítugu og fólk sem starfar í ferðaþjónustu varð oftast vart við slíkt. Samanburður við hin bæjarfélögin þrjú leiddi í ljós að fleiri Egilsstaðabúar urðu vikulega varir við slíka hegðun ferðamanna. Ýmsar frásagnir af misjafnri hegðun og framkomu ferðamanna komu fram í viðtölunum. Einna helst var sagt frá húsbílum sem stundum hafi verið lagt hafi verið á bílastæðum eða útskotum á svæðinu næturlangt án greiðslu. Greint var frá því að heimamönnum sé misþótt þegar ferðamenn fara gegn viðteknum venjum um að nota viðurkennd þjónustusvæði við slíkar aðstæður og talað var um að stundum láti ferðamenn sér ekki segjast.

Skamma ekki ferðamenn!


Þrátt fyrir að íbúar hafi ýmislegt við athæfi og framferði ferðamanna að athuga þá er ekki víst að þeir bregðist við. Niðurstöður símakönnunar sýndu nefnilega að 70% svarenda á Egilsstöðum höfðu á síðustu 6 mánuðum aldrei látið ferðamenn vita ef hegðun, athafnir eða framkoma þeirra á svæðinu var talin óæskileg. Þeir sem líklegastir voru til ræða við ferðamenn um ámælisvert framferði voru svarendur undir þrítugu og þeir sem störfuðu í ferðaþjónustu.

Í viðtölum kom fram að þjónustusamfélagið, sem er félag verslunar og þjónustu á Egilsstöðum og nágrenni, hafi reynt að taka á málum meðal annars með útgáfu sérstakra miða með skilaboðum til þeirra sem gista ólöglega. Ætlunin hafi verið að í stað þess að sýna pirring og segja ferðamönnum til syndanna geti íbúar afhent ferðamönnum sérstakan miða eða skilið hann eftir á bílrúðum ferðamanna og komið þannig skilaboðunum á framfæri á vinsamlegan hátt. Einn viðmælandi var mjög ánægður með framtakið og hafði notað þessa miða, þótt óvíst hafi verið um árangurinn. Hins vegar höfðu fæstir þeirra sem rætt var við notað miðana og sögðust aldrei munu gera það sama þótt athæfi ferðamanna færi í taugarnar á þeim.

ÞYKIR PIRRANDI EN MYNDI ALDREI GERA NEITT Í ÞVÍ

„Mér finnst það allt í lagi sko en þetta er alveg tvíeggjað sverð af því að einhvern tímann var maður 18 ára og átti engan pening og var að reyna að ferðast fyrir ekki neitt skilurðu. Þá fannst manni þetta allt í lagi. Svo sér maður fólk sem er svolítið að gera það sama. Þá fer það svolítið í taugarnar á manni. Maður sér oft túrista reyna að gista á bílastæðinu hjá Selskógi og alls konar utan í vegakanti hingað og þangað í kringum bæinn. Ég er ekkert sérstaklega hrifinn af þessu. Auðvitað þætti mér betra ef þetta fólk mundi gista á tjaldstæði og borga fyrir það skilurðu út af því að oftast getur maður ímyndað sér að þetta sé akkúrat túristinn sem er ekkert að skilja neitt eftir skilurðu. En ég mundi aldrei nota þessa miða. Þú veist, þetta fer bara í taugarnar á mér en ég ætla samt ekkert að gera neitt í því. En vandamálið er ekki að fólk sé að tjalda einhvers staðar. Vandamálið er að fólk sefur bara í bílnum sínum einhvers staðar úti í kanti. Ég veit svo sem ekki hversu bannað það er skilurðu. En ég sé aldrei tjöld einhvers staðar þar sem þau eiga ekki að vera. Þau eru bara á tjaldstæðinu.“


Sigurður (E5)



LÉT VITA AÐ GISTING Á BÍLASTÆÐI VÆRI EKKI ÁSÆTTANLEG

„Ég að fara í vinnuna og sá húsbíl á bílastæðinu. Ég bankaði og rétti fólkinu miðann og þau sögðu: „nei, ég skil ekki, skil ekki“. Ég sagði að það væri bannað að sofa hérna og þá sögðu þau bara: „Oh, sorry, við erum nýkomin hingað á stæðið til að skoða útsýnið“. En þau voru ekkert að skoða. Þau voru bara inni í bílnum.“

Anna (E3)



Tvö dæmi um miða sem gefnir hafa verið út á Fljótsdalshéraði með skilaboðum til ferðamanna.

HVAÐ ER JÁKVÆÐAST VIÐ FERÐAÞJÓNUSTU Á EGLSSTÖÐUM?

Aukin þjónusta, fjölbreytt mannlíf og aukin atvinna eru ofarlega á blaði í svörum íbúa við opinni spurningu um jákvæðustu þætti ferðaþjónustunnar. Alls voru nefnd 540 atriði sem birtast í óbreyttri mynd í orðaskýinu fyrir neðan. Flest svörin endurspegluðu annars vegar sjónarmið sem tengjast bættum lífsgæðum, einkum svör um þjónustu og verslun og hins vegar efnahagsleg sjónarmið, einkum störf og atvinnutækifæri. Í svörum sem tengdust afþreyingu og þjónustu voru hærri þjónustustig og veitingastaðir oftast nefnd. Enginn munur var á svörum eftir kyni eða aldri.

Sömu sjónarmið komu einnig upp í viðtölunum við heimamenn en auk þess var rætt um þætti sem tengjast lífskjörum og lífsstíl líkt og sjá má í tilvitnunum hér til hliðar.



STÖRF, ÞJÓNUSTA OG FÁMENNID

„Ég held að það sé jákvætt að hún skapar störf og þjónustan eykst á svæðinu sem er bara gott fyrir ferðamennina. Það er líka jákvætt að þó að auðvitað vilji maður fá ferðamennina hingað og okkur finnst kannski stundum að það komi ekki nógu margir miðað við önnur svæði að þá er það samt jákvætt að þetta sé ekki of mikið. Mennt eru svolítið að gera út á það á Austurlandi sértu kominn út fyrir massann. Þar er meiri kannski ró og friður og getir kannski týnt þér einn í auðninni. Það er að vissu leyti sé jákvætt að hér er ekki svona brjálæðislega mikill ágangur og sumstaðar annars staðar.“

Kristín (E2)

REKSTRARGRUNDVÖLLUR FYRIR FYRIRTÆKI SEM NÝTAST HEIMAMÖNNUM

„Að þetta þýðir það að það sé hægt að halda úti fyrirtækjum hérna sem heimafólk getur nýtt sér sem væri ekki nema fyrir ferðamenn. Og fyrir utan að skapa atvinnu fyrir fólk.“

Sigurður (E5)

VEITINGASTAÐIRNIR LIFA

„Klárlega að halda úti þessum flottu veitingastöðum. Bara klárlega sko.“

Guðrún (E1)

EYKUR HAGSÆLD

„Það fyrsta sem manni dettur í hug er bara að þetta eykur hagsæld í samfélaginu.“

Jón (E4)

VEL GERT VIÐ FERÐAMENN

„Það er mikið gert fyrir ferðafólk finnst mér og er alltaf verið að reyna að gera eitthvað nýtt og meira.“

Anna (E3)

HVAÐ ER JÁKVÆÐAST VIÐ FERÐAÞJÓNUSTU Í ÞINNI HEIMABYGGÐ? – ALLIR STAÐIR

Egilsstaðir – Fjölbreyttni og aukin þjónusta



Reykjanesbær - Atvinnusköpun



Húsavík – Fjölbreyttara mannlíf



Stykkishólmur – Aukin atvinna og mannlíf



HVAÐ ER NEIKVÆÐAST VIÐ FERÐAÞJÓNUSTU Á EGILSSTÖÐUM?

Umferð, sóðaskapur og umferðarmenningin voru stór hluti þeirra tæplega 380 svara íbúa við opinni spurningu í símakönnuninni um neikvæðustu þætti ferðaþjónustunnar. Flest svörin endurspegluðu atriði sem skerða lífsgæði heimamanna, einkum þegar íbúar finna til óöryggis eða við aðstæður þar sem þeir eru jaðarsettir en skortur á innviðum eða viðhaldi var einnig oft nefnt. Oftast var um að ræða umferðaröryggismál, álag á vegakerfi, umferðarpunga og húsnæðismarkaðsmál. Nokkur munur var á svörum kynjanna og eftir aldurshópum. Konur voru líklegri til að nefna atriði sem tengdust aukinni hættu í umferðinni en karlar nefndu frekar umferðarpunga. Svarendur undir þritugu nefndu húsnæðismarkaðsmál frekar en aðrir aldurshópar.

Í viðtölunum bar fæst þessara atriða á góma þegar rætt var um neikvæðustu þætti ferðaþjónustunnar að húsnæðismálunum undanskildum. Þar kom fram að heimagisting, eða Airbnb, þrenji verulega að leigumarkaði í bænum og hefur takmarka framboð leiguhúsnæðis fyrir (nýja) íbúa. Að öðru leyti var mikil breidd í svörum eins og sjá má hér til hliðar.



TÓMAR HILLUR VERSLANA Á ÁKVÆÐNUM DÖGUM

„Neikvæðast er örugglega bara tómar búðir þó að fólk sé farið að venjast þessu. En það náttúrulega pirrar alla, held ég, ef nauðsynjar eru ekki til. En þetta eru afmarkaðir dagar yfirleitt. Það er þá undantekning ef það fellur á einhverja aðra daga.“

Guðrún (E1)

AIRBNB HEFTIR LEIGUMARKAÐINN

„Kannski hversu margar íbúðir eru í Airbnb og mjög erfiður leigumarkaður þar af leiðandi. En það er potþétt neikvæðast við ferðamenn líka annars staðar. Það truflar voðalega fáa sem ég þekki að það sé verið að leigja íbúðina við hliðina á þeim til einhverra túrista. Það truflar frekar fólk að það sé ekki hægt að fá íbúðir til leigu hérna ef það ætlar að flytja. Það er bara ekki í boði.“

Sigurður (E5)

EKKERT NEIKVÆTT

„Ég sé ekkert neikvætt. Mér finnst allir vera duglegir að hjálpa ferðamönnum.“

Anna (E3)

SKORTIR AFL TIL AÐ NÝTA TÆKIFERIN BETUR

„Eina sem er neikvætt við ferðaþjónustuna er að hún er ekki nógu öflug. Við erum ekki að fá nógu marga ferðamenn. En ég er samt ekkert að kenna þeim sem starfa í þessu um þetta. Samfélagið hér er ekki að nýta þau tækifæri sem þessi staður hefur, að minu mati.“

Jón (E4)


ÁGANGUR Á LANDIÐ

„Allur ágangur á landið er náttúrulega neikvæður og menn verða að bregðast við og bæta aðstöðu. Það er svona það fyrsta sem kemur upp í huggan hjá mér.“


Krístín (E2)

HVAÐ ER NEIKVÆÐAST VIÐ FERÐAÞJÓNUSTU Í ÞINNI HEIMABYGGÐ? – ALLIR STAÐIR

Egilsstaðir – Sóðaskapur og umferð




Húsavík – Umferð og umgengni



Reykjanesbær - Umferð



Stykkishólmur – Umferð og húsnæðismál




EYKUR FERÐAÞJÓNUSTA BJARTSÝNI OG Hafa ÍBÚAR EITTHVAÐ UM ÞRÓUN HENNAÐ SEGJA?

Ferðaþjónusta hefur aukið bjartsýni á framtíð samfélagsins á Egilsstöðum að mati meirihluta svarenda símakönnunarinnar. Sömu sjónarmið komu fram hjá öllum viðmælendum. Tæplega 14% íbúa sögðu í símakönnun ferðaþjónustu hvorki hafa dregið úr né aukið bjartsýni. Í viðtölunum komu fram sjónarmið um tækifæri til nýsköpunar meðal íbúa og ánægju með að geta komið hugmyndum í framkvæmd, átti það jafnt við um Egilsstaði og fjórðunginn í heild sinni. Þrátt fyrir almenna bjartsýni töldu flestir íbúar Egilsstaða sig ekki hafa mikla möguleika á að taka þátt í ákvörðunum um framtíð ferðaþjónustunnar á svæðinu og voru almennt óvissir um það hvar íbúarnir ættu að láta í sér heyra ef þeir vildu það. Allir voru sammála um að þjónustusamfélagið, samtök verslunar og þjónustu, ætti að vera málsvari jafnt fyrir íbúana sem ferðaþjónustuna.


Samfélagið og bærinn gætu tekið við fleiri ferðamönnum

Viðmælendur höfðu ekki áhyggjur af því að fjölgun ferðamanna hefði mikil áhrif á þeirra daglega líf eða samfélagið. Fjölgun ferðamanna myndi væntanlega breyta ásýnd bæjarins að einhverju leyti en flestir töldu að innviðir bæjarins þyldu vel meiri fjölda þrátt fyrir aukinn þrýsting á skipadögum. Engum hugnaðist vel tilhugsunin um að ferðamenn myndu hætta að koma. Það myndi þýða verri þjónustu fyrir íbúa fyrir utan að erlendu starfsfólki myndi fækka á svæðinu. Fram komu efasemdir um að fækkun ferðamanna myndi að öðru leyti hafa veruleg áhrif á íbúana.

Telur þú að ferðaþjónusta hafi aukið eða dregið úr bjartsýni á framtíð samfélagsins í þinni heimabyggð?



Telur þú þig hafa mikla/litla möguleika á að taka þátt í ákvörðunum um framtíð ferðaþjónustunnar í heimab.?



TÆKIFÆRI TIL NÝSKÖPUNAR

„Ég held að ferðaþjónusta hafi örugglega aukið bjartsýni. Það er alls konar uppbygging í gangi, eins og bara böðin sem eru að byggjast upp á Urriðavatni. Þetta er ekki eitthvað sem hefði gerst fyrir einhverjum árum. Menn eru að sjá einhver svona tækifæri í samfélaginu eins og að opna þessa bruggverksmiðju og vinna þar með hráefni héðan.“

Kristín (E2)

ÞJÓNUSTUSAMFÉLAGIÐ TAKI VIÐ ÁBENDINGUM ÍBÚA

„Ferðaþjónustuaðilar hér hafa stofnað þjónustusamfélagið. Þeir eru með eigin samstarfsvettvang og hafa átt samskipti við sveitarfélagið með ákveðna þætti. En þar er allavega samstarfsvettvangur og þar geta allir íbúar komið ábendingum á framfæri eða inn í umræðuna.“

Guðrún (E1)

ÞOLMÖRKIN EKKI Í AUGSÝN

„Ég held að engir innviðir sem slíkir séu komnir að neinum þolmörkum hérna í bænum gagnvart túristum. En það væri skítaástand ef ferðamenn hætta að koma. Hversu mörg störf myndu tapast fyrir heimafólk, veit ég ekki. Talsvert af þessum fyrirtækjum eru rekin með erlendu starfsfólki sem er svona hálf-ósýnilegt. Þau myndu bara fara heim til sín aftur sko.“

Sigurður (E5)

SAMANTEKT

Talið er að 80% þeirra tæplega 350.000 erlendu ferðamanna sem komu á Egilsstaði og í Hallormsstað árið 2018 hafi komið á tímabilinu maí til september. Þetta gefur töluverða árstíðasveiflu til kynna. Rúmlega 60% Egilsstaðabúa fannst fjöldi ferðamanna í bænum hafa verið hæfilegur á sumrin en rúm 20% fannst fjöldinn of mikill. Ríflega helmingi íbúa (55%) fannst fjöldi ferðamanna of lítill yfir veturinn en um 40% töldu fjöldann vera hæfilegan á veturna. Í svörum íbúa kom skýrt fram að þeim fannst vera rými fyrir fleiri ferðamenn á svæðinu. Íbúar sögðust hafa fundið fyrir fjölgun ferðamanna en þrátt fyrir það hefði vöxtur íslenskrar ferðaþjónustu síðustu ár ekki verið jafn hraður fyrir austan og annars staðar á landinu.

Hátt þjónustustig var sem rauður þráður í gegnum niðurstöðurnar á Egilsstöðum og staðfesti rannsóknin að sérstaða bæjarins felist í þjónustunni sem þar er í boði. Að mati íbúa hefur bærinn mikilvægu hlutverki að gegna sem þjónustumiðstöð og samgönguæð bæði fyrir íbúa á Austurlandi og fyrir ferðamenn. Íbúar voru meðvitaðir um að þessu hlutverki fylgdi mikil umferð fólks og bíla í gegnum bæinn enda komi flestir við til að versla eða sækja þjónustu. Heimamenn töldu að gisting, verslun og þjónusta væru helstu ástæður komu ferðamanna til Egilsstaða og að bærinn væri góður staður til að gera út frá í ferðir um nærliggjandi áhugaverða staði. Að öðru leyti hefði bærinn engan segul eða aðdráttarafl sem laðaði ferðamenn að. Þetta rímaði við niðurstöður könnunar meðal ferðamanna sumarið 2018 þar sem fram kom að Egilsstaðir voru aðallega viðkomustaður og að helstu athugasemdir ferðamanna snérust um að fleiri afþreyingarmöguleika vantaði. Íbúar voru sannfærðir um að auka þyrfti áherslur í uppbyggingu afþreyingar fyrir ferðamenn og horfðu með vonaraugum til nýs baðstaðar við Urriðavatn.

Í rannsókninni kom fram að fólk og umferð voru eðlilegur hluti af daglega lífi heimamanna. Ferðamenn voru hluti af bæjarmyndinni og virtust íbúar veita þeim litla eftirtekt. Íbúar veltu lítið fyrir sér hvað ferðamenn væru að gera í bænum. Á ferjudögum upplifðu heimamenn bæinn sinn troðfullan af fólki og bílum. Það gat truflað daglegt líf þegar heimamenn gleyma því hvaða dagar eru ferjudagar og

koma að tómum hillum verslana eftir áhlaupið. Í viðtölum gerðu heimamenn lítið úr þessu því að þótt slíkir álagspunktur geti skapað óþægindi væri auðvelt að lifa með þeim. Íbúar voru sannfærðir um að þjónustuaðilar myndu almennt ráða vel við álagið af fjölgun ferðamanna.

Að mati heimamanna var næga vinnu að fá í ferðaþjónustu. Símakönnunin leiddi samt í ljós að Egilsstaðabúar voru ólíklegastir allra til að finna til aukinnar fjölbreytni í atvinnulífinu vegna ferðaþjónustu. Í viðtölunum kom fram að atvinnuástand væri gott og að heimamenn hafi ekki sótt í störf í ferðaþjónustu. Mörg þeirra væru því unnin af erlendu starfsfólki sem að öðru leyti væri ósýnilegt í samfélaginu og að heimamenn vissu í raun lítið um þann hóp.

Aukin þjónusta, fjölbreytt mannlíf og aukin atvinna voru jákvæðustu hliðar ferðaþjónustunnar að mati heimamanna. Neikvæðastu hliðarnar tengdust umferð og umferðarmenningu. Ummæli íbúa vísuðu til skerðingar á lífgæðum sem oftast tengdust tilfinningu um aukna hættu á vegum úti. Þá höfðu íbúar áhyggjur af aðstæðum þar sem íbúar komast ekki að, ekki síst á leigumarkaði sem væri afar erfiður í bænum.

Að mati heimamanna fer ferðaþjónusta vel með öðrum atvinnugreinum í bænum og rímar vel við grunnhlutverk bæjarins sem þjónustukjarni og atvinnugreinarnar græði hver af annarri. Heimamenn sáu hátt þjónustustig í bænum sem samnefnara fyrir helstu styrkleika ferðamenskunnar í bænum og fyrir eigin búsetuskilyrði og lífsgæði. Fram kom sterk sannfæring um að þjónustustig þurfi að vera hátt út af þeim sem komi þar við. Mikil ánægja var meðal heimamanna um að verslanir og veitingastaðir höfðuðu jafnt til heimamanna sem ferðamanna. Upplifðu íbúar bætt lífsgæði vegna fjölbreyttrar þjónustu í bænum. Fjölgun veitingastaða og fleiri valmöguleikar í þjónustu hefðu jafnvel átt þátt í því að gera samfélag heimamanna opnara en það hafði áður verið. Þar með ættu nýir íbúar auðveldara með að kynnast heimamönnum og komast inn í samfélagið.

UMRÆÐUR OG LOKAORÐ – ALLIR STAÐIR

Í þessari rannsókn hafa viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu í fjórum ólíkum bæjarfélögum verið til skoðunar. Öll eiga bæjarfélögin það sameiginlegt að vera áfanga- og viðkomustaðir erlendra ferðamanna sem ferðast um landið. Kannaðar voru bæði sértækar og staðbundnar áskoranir sem fylgja uppbyggingu ferðaþjónustu og móttöku ferðamanna á þessum stöðum og hafa nýjar vísbindingar bæst við um viðhorf heimamanna og aðrar festar betur í sessi. Í þessum lokakafli, sem er eins í öllum samantektunum fjórum, er horft á niðurstöður rannsóknarinnar í bæjarfélögunum fjórum í heild með tilliti til hvað var svæðunum sameiginlegt og hvað var ólíkt.

Áhrif ferðamennsku alls staðar mikil en áherslur ólíkar

Nokkur sameiginleg stef komu fram sem staðfesta að ferðamennskan hefur mikil áhrif á samfélag heimamanna. Auk þess komu fram ólíkar áherslur í viðhorfum sem renna stöðum undir þær kenningar ferðamálafræðinnar um að áhrif ferðamennsku séu nátengd staðbundnum einkennum hvers staðar. Fyrir utan séreinkenni ferðamenskunnar, sem tengist aðráttarafl og þjónustu á hverju svæði fyrir sig, reyndist ein skýrasta birtingarmynd þessa í rannsókninni tengjast atvinnuþróun, sögu og samsetningu hvers bæjarfélags sem hefur haft mótandi áhrif á samfélagið. Þessi munur kom vel í ljós þegar heimamenn voru spurðir um hver þeim þættu mestu áhrif ferðamenskunnar vera í eigin samfélagi. Húsvíkingum fannst mestu áhrifin felast í fjölbreytileika mannlífsins og þjónustunni sem hafi gert bæinn líflægri. Í Reykjanesbæ voru auknar tekjur heimamanna efst á blaði og á Egilsstöðum var það betri þjónusta. Í Stykkishólmi voru áhrifin sýnilegust í hækkanði fasteignaverði þar sem eftirspurn væri meiri en framboð.

Íbúar bæjarfélaganna voru nokkuð sammála um mikilvægi greinarinnar fyrir samfélagið. Heilt yfir var jákvæðni heimamanna nokkuð afgerandi og voru flestir þeirrar skoðunar að ferðamennska hefði bæði bætt lífsgæði og lífskjör í samfélaginu. Einhugur var um efnahagslegt mikilvægi atvinnugreinarinnar fyrir samfélagið og að ferðaþjónusta hafi bæði verið atvinnuskapandi og ýtt undir fjölbreytni í atvinnulífi. Á öllum stöðum hafði þjónustustig haldist hátt að mati heimamanna. Á minni stöðunum horfðu íbúar til ferðaþjónustunnar sem

áhrifavalds í því að þjónustustigið hafi að ekki lækkað þrátt fyrir aðrar samfélagsbreytingar á borð við breytingar í atvinnuháttum eða neikvæða þróun íbúafjölda. Þetta sást vel á Húsavík þar sem samfélagið hefur um langt skeið barist við langvarandi íbúafækkun og samdrátt í sjávarútvegi og kjötvinnslu. Ráðist var í iðnaðaruppbyggingu á Bakka sem ásamt ferðaþjónustu virðist hafa snúið neikvæðri þróun við. Hvalaskoðunin hófst á árunum upp úr 1990 og þróaðist smám saman yfir í að verða eitt stærsta aðráttarafl landsins fyrir ferðamenn. Í rannsókninni kom fram að hvalaskoðunin hafi að mati heimamanna reynst samfélaginu mikilvæg fyrir að halda þjónustu á svæðinu þar sem hún dregur til sín mikinn fjölda ferðamanna. Á Egilsstöðum var ánægja heimamanna með þjónustustig sem rauður þráður í gegnum rannsóknina. Þjónustan þar tengist hlutverki bæjarins sem þjónustumiðstöðvar fyrir landsfjórðunginn og fyrir þá umferð sem þar fer í gegn. Egilsstaðabúar sáu hátt þjónustustig sem samnefnara fyrir helstu styrkleika ferðaþjónustunnar og fyrir eigin búsetuskilyrði og lífsgæði. Þar kom fram að samfélag heimamanna hefði opnast samhliða auknu framboði á þjónustu. Í Stykkishólmi varð hluti samfélagsins, sem hafði byggt afkomuna á hörpuskelveiðum, fyrir áfalli þegar stofninn hrundi og fjöldi fólks missti lífsviðurværið. Í rannsókninni kom fram að áföll í atvinnulífi hefðu knúið íbúa til nýsköpunar. Heimamenn litu á fjölbreytni í atvinnulífinu, sem ferðaþjónustan var hluti af, sem einn af stærstu kostum samfélagsins og væri afkoma heimamanna ekki háð afkomu einnar atvinnugreinar. Í Reykjanesbæ var efnahagslegt mikilvægi ferðaþjónustu mjög áberandi í öllum niðurstöðum rannsóknarinnar. Keflavíkurflugvöllur er í huga íbúa Reykjanesbæjar lífæð atvinnulífsins og töldu menn að það væru ekki mörg bæjarfélög á landinu þar sem jafn margir íbúar hefðu ferðaþjónustu að atvinnu á ársgrundvelli. Að mati heimamanna eru bein tengsl milli fjölgunar ferðamanna til landsins, fjölgunar starfa á Keflavíkurflugvelli og íbúafjölgunar í Reykjanesbæ.

Í öllum bæjarfélögunum kom fram að auðvelt væri að fá vinnu í ferðaþjónustu og að alltaf vantaði fólk í vinnu í greininni. Einnig kom fram að meirihluti íbúa á öllum stöðum taldi ferðaþjónustu ekki taka til sín starfsfólk frá öðrum atvinnugreinum.

Þetta bendir til þess að ferðapjónusta hafi ekki haft ruðningsáhrif á aðrar atvinnugreinar á þessum svæðum. Á öllum stöðunum töldu heimamenn að mörg störf í ferðapjónustu væru mönnum með aðfluttum einstaklingum sem komi til starfa í lengri eða skemmri tíma. Á Húsavík, Stykkishólmi og á Egilsstöðum var atvinnuástand almennt gott að mati heimamanna og af þeim sökum hefðu íbúar ekki sótt í störf þar sem næga aðra vinnu væri að hafa. Á Húsavík og í Stykkishólmi sáu heimamenn starfstækifæri í ferðapjónustu fyrir ungt fólk sem er að feta sín fyrstu spor á vinnumarkaði. Þessi hópur hafi auðveldlega geta fengið meiri vinnu en hann geti ráðið við, sérstaklega þegar um mjög unga krakka væri að ræða. Foreldrar á þessum stöðum bentu á að dæmi séu um að þátttaka unglunga í íþróttum og tómstundum hafi orðið að víkja fyrir vöktum og höfðu af því vissar áhyggjur. Íbúar í Reykjanesbæ töldu að mjög margir íbúar störfuðu við ferðapjónustu og að þau störf væru eins fjölbreytt og þau væru mörg, einkum störfin á Keflavíkurflugvelli.

Upplifun af ferðamönnum

Áætlað er að árið 2018 hafi fjöldi erlendra ferðamanna í Reykjanesbæ verið 568 þúsund, 343 þúsund á Egilsstöðum, 317 þúsund á Húsavík og 235 þúsund í Stykkishólmi. Á Egilsstöðum og Húsavík var mesta árstíðasveiflan í komum ferðamanna. Um 80% allra ferðamanna sem komu í bæina árið 2018 komu á tímabilinu maí – september og var hlutfallið 65% í Stykkishólmi og um 50% í Reykjanesbæ. Þónokkur munur var á því hvernig íbúar svæðanna fjögurra skynjuðu fjölda ferðamanna á hverjum stað og hve oft íbúar tóku eftir ferðamönnum. Í Stykkishólmi sáust ferðamenn í bænum nær alla daga á sumrin og sífellt oftar á veturna. Húsvíkingar og Egilsstaðabúar upplifðu árstíðarsveiflu í fjölda ferðamanna og fannst fjöldinn vera hæfilegur á sumrin en of fáir á veturna. Í Reykjanesbæ, þar sem fjöldinn var mestur og árstíðasveiflan minnst, þótti flestum íbúum fjöldinn vera hæfilegur bæði sumar og vetur. Athygli vakti að íbúar Reykjanesbæjar tóku síður en íbúar í hinum bæjarfélögunum eftir ferðamönnum í bænum og kom skýrt fram að ferðamenn skáru sig ekki úr í bænum þótt þeir kunni að vera margir. Um 22-23% svarenda á Húsavík, Egilsstöðum og í Reykjanesbæ og um 30% í Stykkishólmi sögðu að ferðamenn væru of margir á sumrin. Þessi hlutföll ríma við það sem sást í landskönnun árið 2017.

Á öllum fjórum stöðunum kom fram að heimamönnum líkaði almennt vel við ferðamenn og að eiga í samskiptum við þá. Í símakönnun kom fram að á öllum stöðum voru íbúar fúsir til að veita ferðamönnum upplýsingar til að bæta upplifun þeirra. Mikill munur var milli bæjarfélaga hversu mikil samskipti heimamenn vildu eiga við ferðamenn en eðli málsins samkvæmt er slíkt persónubundið. Bent var á að auðvelt væri að komast hjá samskiptum við ferðamenn ef menn vildu en svo væru aðrir sem heilsuðu alltaf öllum á förnum vegi.

Ónæði vegna ferðamanna hafði almennt ekki aukist á svæðunum en fram kom að í staðbundnum aðstæðum geti reynt á þolinmæði íbúa. Á Húsavík komu fram dæmi um óþægilegar aðstæður og umferðaröngþveiti í miðbæ. Í Stykkishólmi töluðu heimamenn um heimagistingu og að ferðamenn fari töluvert hægar um í bænum en heimamenn og það geti reynt á þolinmæðina. Á Egilsstöðum var vísað til svokallaðra ferjudaga þegar bærinn fyllist af bílum og fólki stuttu eftir að ferjan Norræna kemur til Seyðisfjarðar. Í Reykjanesbæ, þar sem ónæði reyndist vera langminnst, var vísað til vaxandi hættu samhliða aukinni umferð á Reykjanesbraut allt frá flugstöðinni. Á öllum stöðum voru dæmi um pirring eða óánægju sem rekja mátti til ferðamennsku s.s. í tengslum við þær staðbundnu aðstæður koma fram hér að ofan. Athygli vakti að heimamenn tóku afdráttarlaust fram að óánægja og pirringur sem heimamenn upplifðu snéri ekki að ferðamönnum og væri ekki þeim að kenna, ekki einu sinni þegar ferðamenn fóru eftir óskrifuðum leikreglum samfélagsins. Að mati heimamanna lá sökin hjá skipulags- og eftirlitsaðilum, ferðapjónustufyrirtækjum, verslunum, og sveitarfélögum sem þurfi að undirbúa svæðin betur til að báðir hópar – íbúar og ferðamenn – geti notið gæðanna og umgengist bæjarrýmin á jöfnum grundvelli. Að mati heimamanna þurfi til þessa nýjar lausnir s.s. betra gatnaskipulag, betra eftirlit með heimagistingu og betri upplýsingagjöf til ferðamanna um hvað megi og hvað ekki.

Jákvæðustu og neikvæðustu hliðar ferðapjónustunnar tengd lífsgæðum íbúa og innviðum

Jákvæð áhrif ferðapjónustunnar lutu öll að því að bæta samfélag og lífskjör heimamanna. Á yfirborðinu virðast þessar jákvæðu hliðar vera svipaðar alls staðar en samhengi þeirra er bundið hverjum stað fyrir sig og fær fyrst þá þýðingu. Á Húsavík voru aukið mannlíf, atvinnusköpun og fjölbreytileiki tiltekin sem jákvæð áhrif ferðapjónustunnar. Þar höfðu hvalaskoðunarfyrirtækin margþætta þýðingu

fyrir samfélagið og voru íbúar á því að áhrifin væru jafnvel enn meiri enn menn gerðu sér grein fyrir. Einkum var mönnum tíðrætt um hátt þjónustustig þrátt fyrir íbúafækkun. Í Stykkishólmi lögðu menn áherslu á fjölbreyttara mannlíf og aukna atvinnu enda var hrun í hörpuskelfiskveiðum og afleiðingar þess fólki ofarlega í huga. Í Reykjanesbæ var aukin atvinna, atvinnusköpun og auknar tekjur efst á blaði. Samfélagið þar hefur glímt við erfiðar áskoranir í atvinnulífi auk hraðrar íbúafjölgunar og lék enginn vafi á þýðingu ferðaþjónustu fyrir atvinnulífið. Á Egilsstöðum var hátt þjónustustig samnefnari fyrir helstu styrkleika ferðamenskunnar í bænum og fyrir búsetuskilyrði og lífsgæði heimamanna.

